



ÚTSALA
Útsalan hefst kl. 11:00 í dag
Útsöluþæklingur BT fylgir blaðinu í dag

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. janúar 2005 – 4. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Vefang: visir.is – Sími: 550 5000 **visir**

FIMMTUDAGUR



ADSTÆÐUR ENDURMETNAR Hættu-ástand í Bolungarvík verður endurmetið í hádeginu í dag en í gær þótti ekki óhætt að hleypa 92 íbúum til síns heima. Hættu-ástandinu var aflétt í Ísafjarðarbæ seinni partinn í gær. **Sjá síðu 2**

VILJA LANDIÐ AF LISTANUM Mikill meirihluti landsmanna vill Ísland burt af lista hinna „staðföstu þjóða“ sem studdu innrásina í Írak. Í þeim hópi eru 80 prósent framsóknarmanna og 58 prósent sjálfstæðismanna. **Sjá síðu 6**

ÓTTAST MEIRI SAMDRÁTT Yfirlæknirinn á Vogu óttast að til enn frekari samdráttur komi í starfi SÁÁ vegna kostnaðar við viðhaldsmeðferð óþímflíka. Samdráttur sem þegar hefur verið ráðist í bitnar mest á bráðveiku fólki. **Sjá síðu 8**



BJARTVIÐRI AUSTAN TIL Éi norðan til og á Vestfjörðum. Skýjað um sunnanverlt landið. Frost 0-6 stig. **Sjá síðu 4**



DAGURINN Í DAG
NÝ MYNDLIST Klukkan þrjú í dag kemur listamaðurinn Egill Sæbjörnsson fram í Listasafni Íslands í tengslum við verkið *You Take All My Time* á sýningunni Ný íslensk myndlist.

Kvikmyndir	34	Myndlist	32
Tónlist	30	Íþróttir	26
Leikhús	32	Sjónvarp	36

Flutningaskipin skráð erlendis

Eimskip myndi spara á annað hundrað milljóna króna ef áhafnir fyrirtækisins væru erlendar. Sjómannafélag Reykjavíkur segir stjórnvöld glopra störfum úr landinu með ósamkeppnishæfu skattaumhverfi.

SAMGÖNGUR Ekkert skipa íslenskra flutningafyrirtækja er skráð hér á landi utan eins sem bara sinnir innanlandsmarkaði. Tvö ný flutningaskip Samskipa verða skráð í Færeyjum ásamt áhöfnum þeirra. Höskuldur H. Ólafsson, aðstoðarforstjóri Eimskips, segir á annað hundrað milljóna króna myndu sparast árlega væru allar áhafnir skipa fyrirtækisins erlendar. Eimskip hugleiðir einnig að skrá íslenskar áhafnir í Færeyjum: „Við hugleiðum þetta ekki út frá öðru en að aðrir hafa kostnaðarlega yfirburði af því að skrá áhafnir erlendis, hvort sem það er í Færeyjum eða annars staðar í heiminum,“ segir Höskuldur og bendir á að

Atlantsskip notist bara við erlendar áhafnir, en það þrýsti á keppinautana að bregðast eins við. „Hingað til höfum við viljað hafa íslenskar áhafnir á skipum í föstum áætlanasiglingum til og frá landinu, en það verður auðvitað að endurskoða í ljósi aðstæðna á hverjum tíma.“ Pálmar Óli Magnússon, framkvæmdastjóri rekstarviðs Samskipa, segir nýju skipin skráð í Færeyjum til að tryggja íslensku sjómönnum áframhaldandi vinnu, fyrirtækið væri ekki samkeppnishæft gerði það skipin út héðan. Sjómannafélag Reykjavíkur skorar á stjórnvöld að laga rekstrarumhverfi kaupskipaútgerða að

því sem gerist í nágrannalöndunum og tryggja íslenskum sjómönnum vinnu. Jónas Garðarsson formaður félagsins gagnrýnir að tekið hafi stjórnvöld á annað ár að skoða hvort hægt sé að endurskoða lög um kaupskip, þau séu með seina-ganginum að glopra störfum frá landinu. Pálmar segist ekki sjá hag í að færa skráningu skipa hingað aftur nema íslensk stjórnvöld gerðu betur en tíðkist í löndunum í kring, enda fylgi kostnaður svo umfangsmiklum breytingum. Undir það tekur Höskuldur: „Þegar fyrirtæki eru búnin að hreyfa sig einu sinni þarf að gera heldur betur til þess að það hreyfi sig aftur.“ - **gag**



Í GRÍMSEY Ekki er vítað til þess að skemmdir hafi orðið í jarðskjálftahrinu sem hófst um miðjan dag í gær austsuðaustur af Grímsey.

Tveir snarpir jarðskjálftar

JARÐSKJÁLFTAR Snarpir jarðskjálftar urðu um 20 kílómetra austsuðaustur af Grímsey um miðjan dag í gær. Skjálftarnir fundust víða á Norðurlandi, m.a. í Grímsey, á Akureyri og á Húsavík, án þess þó að tjón hafi hlotist af. Ragnhildur Hjaltadóttir, íbúi í Grímsey, sagðist hafa fundið skjálftana vel og vissi til þess að í sumum húsum í eyjunni hafi myndir skekkst á veggjum. „Þetta byrjaði með skjálfta upp á um 4 á Richter fimmtán mínútur fyrir fjögur og svo fimm mínútum seinna varð annar upp á 5,5 á Richter,“ sagði Steinunn Jakobsdóttir, deildarstjóri á Veðurstofu Íslands. Eftirskjálftarnir voru sumir allt að 3 á Richter og taldi hún að búast mætti við nokkrum slíkum. - **óka**

Bara einn fékk svar

IMPREGILO Bara einn fékk svar
VINNUMARKAÐUR Alþýðusambandið segir ítalska verktakafyrirtækið Impregilo draga lappinar í mannráðningum í gegnum evrópska vinnumiðlunarvefinn Eures. Þegar fyrirtækið var látið auglýsa þar áður munu hafa borist á annað hundrað umsóknir og 80 umsækjendur uppfyllt gerðar kröfur, en enginn fengið svar nema Norðmaður einn sem var þrjúskur og gafst ekki upp. „Hann gerði athugasemd við það að íslensk stjórnvöld stæðu að birtingu auglýsinga sem þau ættu ekkert að gera með,“ segir Halldór Grönvold, framkvæmdastjóri ASÍ. Impregilo vísar ásökunum ASÍ á bug. **sjá síðu 10 - ghs**



LÁTID BARN BORID Í LIKHUS Tailskur læknir ber lítið barn í líkhúsi í Takuapa í suðurhluta Tailandis í gær. Alls hafa nú safnast um 80 milljónir króna á Íslandi til hjálparstarfs Rauða krossins á hamfarasvæðunum í Asíu. Ástralía er það ríki sem heitið hefur mestu fjármagni til hjálparstarfsins eða um 48 milljörðum króna. **Sjá síðu 2,4 og 18.**

Heildarupphæðin 464 milljónir

BAUGUR KÆRIR endurálagningu fimm ára tímabils:
SKAATTRANNSÓKN Baugur unir ekki endurálagningu ríkisskattstjóra vegna tekjuáranna 1998 til 2002. Í yfirlýsingu Hreins Loftssonar, stjórnarformanns félagsins segir að félagið sætti sig ekki við forsendur álagningarinnar og muni skjóta málinu til yfirkattanevndar og dómstóla ef þörf er á. Heildarfjárhæð endurálagningarinnar nemur 464 milljónum króna. Þar af myndi félagið sjálf að óbreyttu bera 282 milljónir króna að teknu tilliti til greiðslna sem þegar hafa verið inntar af hendi og endurkröfurétti á þriðja aðila. Af þessum 282 milljónum eru 223 milljónir ágreiningur milli Baugs og skattayfirvalda um söluhagnað vegna samruna Hagkaupa og Bónuss árið 1998. Endurálagningin nær til fimm rekstrarára og voru tekjur félagsins á tímabilinu 150 milljarðar króna. Félagið færði til gjalda af varúðarástæðum tekjuskattskvöð í samræmi við frumskýrslu í ársuppgjöri félagsins fyrir 2003. Hagnaður Baugs fyrir það ár var 9,5 milljarðar króna. Í lok yfirlýsingar harmar stjórnarformaður Baugs leka til fjölmiðla um rannsókn á málefnum félagsins og árettar mikilvægi þess að félagið fái frið til að færa fram athugasemdir sínar gagnvart réttum yfirlöndum. - **hh**

26
DAGAR EFTIR AF JANÚARTILBOÐI TOYOTA
Corolla
Tilboðsverð
1.669.000 kr.
TODAY TOMORROW TOYOTA

ç N M F;
ç N M F;
8636
GLYRæZZI X
HÚSGAGNAHÖLLIN
460085 t: 428 y: 476378 & 476378-8 & t: 47637-
Hj yn lUg868 & >: & 8668

ÚTSALA

...af öllum gerðum

Gerðu góð kaup
á stærstu útsölnni.
105 verslanir troðfullar
af spennandi útsöluvörum.

Opið til **21** í kvöld

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

Verlanir	Mán. til mið. 10.00 til 18.30	Fimmtudagur 10.00 til 21.00	Föstudagur 10.00 til 19.00	Laugardagur 10.00 til 18.00	Sunnudagur 13.00 til 17.00	Veitingastaðir og Kringlubíó eru með opið lengur á kvöldin.
Ævintýraland	14.00 til 18.30	14.00 til 19.00	14.00 til 19.00	11.00 til 18.00	13.00 til 17.00	

Útsala

útsalan í fullum gangi

30-90%

afsláttur

af upprunalegu verði.

vorum að bæta við NÝJUM vörum á
500 OG 1000 KR.

MARKAÐINN

allt á 500

eða 1000 kr.

barnafatnaður, dömufatnaður,
herrafatnaður og skór.

Fyrstur kemur fyrstur fær



HAGKAUP


www.hagkaup.is

Skemmtilegast að versla



FARTÖLVUBAKPOKI FRÁ PATAKO
Tilvalinn fyrir skólann. Mörg aukahólf. 256 MB minnislykill fylgir hverjum bakpoka
Verð áður: 10.900 kr.
6.900 kr.

FYLGIR



MACMILLAN ORÐABÓK MEÐ GEISLADISKI
Ensk-ensk orðabók fyrir námsmanninn, Ensk skáldsaga fylgir með í kaupbæti á meðan birgðir endast!
Verð áður: 3.995 kr.
2.895 kr.

Við tökum á með þér í náminu!

– skiptibókamarkaður í öllum verslunum okkar



1000 kr. afsláttur

1000 kr. afsláttur

LÖG Á BÓ
Verð áður: 5.999 kr.
4.999 kr.

ÍSLANDS- OG MANNKYNSSAGA NB II
Verð áður: 4.980 kr.
3.980 kr.



1000 kr. afsláttur

LÆRUM AÐ NEMA
Verð áður: 3.490 kr.
2.990 kr.

STÆRÐFRÆÐI 3000
Verð áður: 4.699 kr.
3.699 kr.



1000 kr. afsláttur

DÖNSK-ÍSLENSK OG ÍSLENSK-DÖNSK ORÐABÓK
Verð áður: 3.990 kr.
2.990 kr.

STÍLA- OG REIKNINGSBÆKUR
5 í pakka: 595 kr.



20 CD + GEISLADISKAVERSKI
20 geisladiskar í slíðri ásamt vönduðu geisladiskaveski fyrir 96 diska.
Verð áður: 3.680 kr.
1.990 kr.

BÓKA  BÚÐIR

PENNINN 

Eymundsson

Tilboðsverð gildir til 31. janúar 2005.

stór humar

ath opið laugardaga
10-14.30



Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

DANSÞjórið er í Kramhúsinu

Símar: 551-5103 / 551-7860

Breakdans Hip hop: Natasa
Karábískir dansar: Edna
Magadans Bollywood: Maria
Afró: Dianne
Balkan dansar: Veska
Salsa: Carlos
Funkjazz: Yesmine
Magadans: Maher
Flamencó: Minerva
Tangó: Hany & Bryndís

Námskeiðin hefjast 10. janúar 2004
www.kramhusid.is

tíska o.fl.

✓ Smáauglýsingasíminn er 550 5000
✓ auglysingar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnuleysi undir þremur prósentum:

Atvinnuhorfur eru að skána

ATVINNUMÁL Rúmlega sexhundrað fleiri voru með atvinnu í desember en á árinu á undan. Atvinnuleysi jókst milli nóvember og desember. Í gær voru 4.656 án atvinnu, 2.148 karlar og 2.508 konur.

Fríðrik Friðriksson, hagfræðingur hjá Vinnuálastofnun, segir atvinnuleysi jafnan aukast í desember og janúar: „Nóvember var óvenju góður. Atvinnuleysi minnkadi þá hlutfallslega miðað við sama tíma á árinu á undan.“

Atvinnuleysi hefur verið undir þremur prósentum síðustu mánuði ársins, 2,6 prósent í september og nóvember en 2,7 í október. Fríðrik segir nákvæmar tölur ekki ljósar fyrir desembermánuð.

„Atvinnuhorfur eru að skána, þá sérstaklega á höfðuborgarsvæðinu,“ segir Fríðrik. Búast megi við minna atvinnuleysi með vorinu. Það geri árstíðarsveiflur í atvinnu- málum.

Atvinnuleysisbætur hækkuðu frá 1. janúar um þrjú prósent. Hámarksbætur atvinnuleysisstrygginga verða 4.219 krónur hvern virkna dag.

- gag

ATVINNULEYSI 4. JAN. 2005*

	Karlar	Konur	Samtals
Höfuðborgarsvæðið	1.459	1.519	2.978
Vesturland	67	98	165
Vestfirðir	20	61	81
Norðurland vestra	65	44	109
Norðurland eystra	274	318	592
Austurland	41	84	125
Suðurland	105	189	294
Suðurnes	117	195	312
Samtals:	2.148	2.508	4.656

*Heimild: Vinnuálastofnun

Óttast frekari samdrátt í starfi SÁÁ

Yfirlæknirinn á Vogu óttast að til enn frekari samdráttar komi í starfi SÁÁ vegna kostnaðar við viðhaldsmeðferð óþíumfíkla. Ríkið hefur enn ekki lagt krónu til hennar. Ástandið sagt bitna mest á bráðveiku fólki.

HEILBRIGÐISMÁL Samdráttaraðgerðir sem nú eru hafnar á Vogu vegna fjárskorts bitna verst á fólki sem er mikið veikt og á erfitt með að halda sér frá vímuefnum, að sögn Þórarins Tyrtingssonar yfirlæknis. Hann óttast að grípa þurfi til enn frekari aðgerða til að koma til móts við kostnað viðhaldsmeðferða óþíumfíkla, sem ríkið hafi enn ekki lagt krónu til.

Þórarinn lagði línurnar með starfsfólki sínu á fundi í fyrradag. Dregið verður úr innlögnum og bráðþjónustu.

„Það verður einungis unnið út frá biðlistum eins og þeir liggja fyrir,“ sagði Þórarinn. „Allir þeir sem eru 16 ára og fram að tvítugu eiga greiðan aðgang að spítalanum, svo og þeir sem ekki hafa verið í meðferð áður.“

Viðhaldsmeðferðin fyrir óþíumfíkla heldur áfram fyrir þá sem þegar voru í hana komnir, en nýir verða ekki teknir inn.

„Við erum ekki farnir að sjá neina peninga í hana enn þá, ekki einu sinni þá sem við áttum að fá á síðasta ári,“ sagði Þórarinn.



RÁÐHERRANN
Endurskoðun þjónustusamnings stendur til boða.



YFIRLÆKNIRINN
Vandinn leystur með því að draga úr meðferð.

„Meðferðin fyrir óþíumfíkla heldur áfram fyrir þá sem þegar voru í hana komnir, en nýir verða ekki teknir inn.“

Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra sagði við Fréttablaðið nýlega, að hann vildi eiga samskipti við SÁÁ á grundvelli gildandi þjónustusamnings. For- r á ð a m e n n sjúkrahússins gætu sent formlega beiðni til

ráðuneytisins um viðræður um endurskoðun samningsins ef þeim byði svo við að horfa. Þórarinn segir að það hafi enn ekki verið gert.

„Það má minna á hvernig göngudeildin á Akureyri var fjármögnuð á árinu 2000, að mig minnir, þegar þurfti að færa fjármagn vegna þeirrar þjónustu sem við vorum með á Akureyri,“ sagði Þórarinn. „Það fjármagn var tekið af rekstrarfénu á Vogu. Þá var skilgreint að hluti af fjárveitingu Vogs ætti að fara til Akureyrar, sem þýddi að við urðum að draga saman. Mér heyrir ráðherrann vera að gefa upp boltann með það að hann ætli að leysa kostnaðinn við viðhaldsmeðferð óþíumfíkla með því að draga úr meðferð á Staðarfelli eða Vík. Ef hann ætlar ekki að fjármagna hana með því að taka upp þjónustusamninginn, eða bæta aukalið við hann, þá hlýtur hann að ætla sér að taka peninga sem eru í öðrum meðferðarþáttum í þetta. Það þykir mér leiðinlegt að heyrna.“

jss@frettabladid.is

Rafmagnsverð:

Fastagjaldið hækkar

RAFORKA Tilkynt var í gær að almennur taxti hjá Orkuveitu Reykjavíkur muni nú 1. febrúar hækka um 3,89 prósent. Gjald á almennum taxta mun lækka um 3,5 prósent, en fastagjaldið mun þess í stað hækka um 3.204 krónur á ári, sem er um helmingshækkun. Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitunnar, segir þessa hækkun eingöngu koma til, til að mæta verðhækkunum sem Orkuveitan verður fyrir hjá Landsvirkjun og Landsneti hf. vegna breytinga á raforkulögum nú um áramót. Nú verða til dæmis dreifikerfi sjálf að standa undir

sér. Alfreð Þorsteinsson, stjórnarformaður Orkuveitunnar, sagði að þrátt fyrir þessa hækkun verði verð á rafmagni til heimila lægst á landinu hjá Orkuveitunni.

Hitaveita Suðurnesja, sem oft hefur haft lægstu raforkugjöldin, er nú einnig að hækka orkuverð sitt. Ákveðið hefur verið að í Hafnarfirði og á Suðurnesjum muni orkutaxtinn hækka um 4,8 prósent. Þá munu fastagjöldin á öllu svæðinu hækka um 3.600 krónur á ári, sem er rúm helmingshækkun. Orkutaxtinn í Vestmannaeyjum og í Árborg munu lækka um 3,5 prósent.

- ss

Ózygg & Öngt

NOA NOA
Kringlan - 553 3536

MIRALE

50% afsláttur

Glös
Bollar
Kertastjakar

MIRALE
Ópið: Grönsásvegur 8
mán. - föstud. 11-18 108 Reykjavík
laugard. 11-15 sími: 517 1020

NÝTT



LYN: SYG AL 06 77 - 0 844



Prófaðu Nicorette Freshmint

Tó uxkzzk & lykns á z& x& ~ z& qvYzY zEmm0's s Ýyks & Á muknz&x&g & Enmg 0& g & x& p qz& lkyqz&um&kl{ x> m| g>j & Et z| h&xgm & e& }) 4 ó uxkzzk 4y&x&nÁ mz&g & kyg& k&g&s & Tó uxkzzk & Elo & z& & yz t á m&um&nÝ & & g&x' z& t t & o & Á yz & Ýng&kzz& 4&

nicorette[®]

Tó uxkzzk & qvYzY r&l& x&| & gt ikm&t & Elyk oý&um&x&| & uz&| & kng&x&á&E&q& n|s & x&n&Á z&á g& kng&x&á&xmo & x&á&á& x&E&á& n|s & z&á&g & ' & yks & k&y&z&s & x> m&á&y&q&g& | g&uz&á&E&mg&á&ko h&k&á& n|s & á&E&um&yk r&á&á&E&um&yk m{s & k&x&| & { vvr&y&á n&g&x&á&s & g&k&x&| t & um&á& uz&| t & z&á&g&á& g&x&k&m| x&á&á& á&g&Á n&g&x&á&á vvr&y&á n&g&x&á&y&k&s & g&| y&E&t& k&m&á&x&á&g & k&y&g& & { x&á& kt & á&E&á& k&x&| & uz&| z&á&á& n&y>&t& k&ng&x&á&g&| q&g&| k&x&á>& o&á&um&á&g& x&g&x&á&á vvr&y&á n&g&x&á&á&g&t& n&g&l&á& g&x&g& y&k&E&y&á&á& lo& k&x&á&á&y&á& &





HERINN SÆKIR HJÁLARGÖGN
Boeing CH-46, þýla bandaríska hersins, sækir hjálpargögn í Medan-borg á norðurluta Súmötru. Verið er að flytja ýmsar nauðpurfir til þeirra byggða í Indónesíu sem fóru hvað verst út úr náttúruhamförum 26. desember.

Forstjóri Vinnuálastofnunar: Náið fylgst með Impregilo

KJARAMÁL Búast má við að Vinnuálastofnun veiti Kínverjunum 54, sem Impregilo hafði sótt um undanþágu fyrir, atvinnuleyfi á næstu dögum.

Impregilo hefur 250 lausar stöður og hefur fyrirtækið auglýst eftir starfsmönnum innan Evrópusambandsins og á Íslandi. Umsóknarfrestur rennur út um miðjan janúar og í framhaldi af því verður ráðið í stöfin. Ef ekki tekst að manna allar stöðurnar verður sótt um atvinnuleyfi fyrir 100 Kínverja í viðbót.

Íslendingar hafa verið tregir til að ráða sig til Impregilo og segir Gissur Pétursson, forstjóri Vinnu-

málastofnunar, að Impregilo bjóði bara laun samkvæmt taxa, erfiðar aðstæður séu að Kárahnjúkum að vetri til og mikil eftirspurn sé eftir því fólki, sem til greina kemur, í önnur verk. Þá hafi neikvæð umræða verið um fyrirtækið sem sé að hluta til óverðskulduð og að hluta til eðlileg en hart verði gengið eftir því við Impregilo að leit „á innlendum markaði sé í alvöru“ og Íslendingar verði ráðnir til starfa.

GISSUR PÉTURSSON
Forstjóri Vinnuálastofnunar segir að hart verði gengið eftir því við Impregilo að Íslendingar verði ráðnir til starfa að Kárahnjúkum.



Impregilo: Vill fólk sem þolir veður

VINNUMARKAÐUR Impregilo auglýsir eftir reyndum bílstjórum og tækjamönnum í krefjandi verkefni 120 kílómetra frá næsta þéttbýli. Ráðning til sex mánaða. Í boði er ókeypis flugmiði heim, matur og húsnæði á staðnum, einkaherbergi, 60 klukkutíma vinnuvika.

Áhugasamir umsækjendur þurfa að hafa öll vottorð í lagi, vera við góða heilsu. Þeir verða að vera viljugir til að lifa og vinna á fjarlægum, vindasömum, norðlægum slóðum. Þriggja ára reynsla af starfi við svipaðar aðstæður er skilyrði.

Jóhann G. Bergþórsson: Stjórnvöld eru lin

KÁRAHNJÚKAR Jóhann G. Bergþórsson verkfræðingur telur að gera megi ráð fyrir að launakostnaður

Impregilo vegna framkvæmdanna við Kárahnjúka sé ekki nema um þriðjungur af því sem gera megi ráð fyrir samkvæmt íslenskum kjarasamningum. Það sé því ljóst að Impregilo byggir starfsemi sína á „óðýru, innfluttu vinnuafli, ekki íslensku.“

Jóhann telur að ríki og sveitarfélög hafi ekki þær góðu tekjur af virkjanaframkvæmdunum sem þau búist hafði verið við. „Ekkert af þessu virðist vera að skila sér,“ segir hann og bendir á að vélar og efnisádrættir kosti það sama, sama hver verktakinn er. Eini munurinn sé því launin.

Jóhann telur linku stjórnvalda gagnvart Impregilo gefa fordæmi fyrir komandi framkvæmdir. Þetta sé bara fyrsta skrefið því að aðrir vilji auðvitað fylgja í fótsporin. „Maður spyr hvort þetta verði eins og í kaupþýsluflotanum þar sem íslenskir sjómenn eru of dýrir,“ segir hann.

„Ef stjórnvöld vildu taka harkalega á þessu þá væri það stoppað.“

- ghs



JÓHANN G. BERGÞÓRSSON
Jóhann telur að launakostnaður Impregilo nemi aðeins þriðjungur af því sem hann hefði átt að nema.

Ekki stætt á að veita Kínverjunum atvinnuleyfi

Alþýðusamband Íslands telur ekki neinar forsendur fyrir stjórnvöld til að afgreiða beiðni Impregilo um atvinnuleyfi fyrir allt að 300 Kínverja með jákvæðum hætti. 4.700 Íslendingar leiti eftir atvinnu samkvæmt skrá. Ekki sé stætt á því að veita fyrirtæki atvinnuleyfi sem snuðar erlent starfsfólk.

KÁRAHNJÚKAR Halldór Grönvold, framkvæmdastjóri ASÍ, segir að ASÍ hafi upplýsingar um allnokkra einstaklinga sem hafa fyrr eða síðar og sumir nýverið haft uppi fyrirspurnir um starf hjá Impregilo en þeim ekki verið sinnt og sama gildi um íbúa annars staðar í Evrópu.

ASÍ telur að kínversku verkamennirnir, sem sótt er um atvinnuleyfi fyrir, uppfylli ekki skilyrði laga um réttindi, t.d. meira próf, og spyr hvort stjórnvöld hafi gengið úr skugga um að fyrirtækið hafi brugðist við þeirri gagnrýni sem sett hafi verið fram um vinnuskipulag og starfsaðstæður að Kárahnjúkum sem geri fyrirtækið samkeppnisfært á íslenskum vinnuarkaði og skapi aðstæður sem Evrópubú-

„Önnur fyrirtæki eru farin að óska eftir sambærilegri meðhöndlun...“

and stjórnvalda. Þetta fyrirtæki starfar ekki á íslenskum vinnuarkaði við þau skilyrði sem hér hafa gilt. Önnur fyrirtæki eru farin að óska eftir sambærilegri meðhöndlun og þá reynir á hvort stjórnvöld eru tilbúin til að verja með okkur þann vinnuarkað og



FRÁ KÁRAHNJÚKUM

Í ljós hefur komið að Impregilo hefur snuðað portúgalska starfsmenn um allt að 300 milljónir króna. Framkvæmdastjóri ASÍ telur því ekki stætt á því að veita fyrirtækinu atvinnuleyfi fyrir allt að 300 Kínverja.

ar sætti sig við.

ASÍ gagnrýnir fyrirtækið fyrir að virða ekki lágmarkslaun kjarasamninga og brjóta þar með lög. „Þetta er fyrst og fremst pólitísk spurning sem lýtur almennt að vinnuarkaðnum, stöðu hans og þróun. Þar liggur ábyrgð ráðherra

og stjórnvalda. Þetta fyrirtæki starfar ekki á íslenskum vinnuarkaði við þau skilyrði sem hér hafa gilt. Önnur fyrirtæki eru farin að óska eftir sambærilegri meðhöndlun og þá reynir á hvort stjórnvöld eru tilbúin til að verja með okkur þann vinnuarkað og

þá sátt sem hér hefur gilt,“ segir Halldór.

Í yfirlýsingu frá Impregilo er þvertekið fyrir að ásakanir ASÍ eigi sér stoð í raunveruleikanum.

„Impregilo hefur frá upphafi greitt laun samkvæmt gildandi kjarasamningum á Íslandi og svo mun vera áfram svo lengi sem félagið starfi á Íslandi,“ segir í yfirlýsingunni.

ASÍ hefur takmarkaðar upplýsingar um þá Portúgali sem hafa verið snuðaðir hjá Impregilo og því takmarkaða möguleika á að höfða mál fyrir þeirra hönd. „Að ýmsu leyti er skaðinn skeður og spurning hve mikið við getum bætt úr því. Þetta hlýtur samt að vera eitt af því sem ráðherra tekur til álitá þegar hann veltir fyrir sér atvinnuleyfum: Er stætt á því að veita fyrirtæki, sem verður uppvíst að svona hlutum, atvinnuleyfi?“

Ósk Impregilo um atvinnuleyfi fyrir Kínverja er til umfjöllunar hjá Vinnuálastofnun.

ghs@frettabladid.is

Komdu núna
Taktu bíl

Fjöldi notaðra bíla koma í sölu á hverjum degi. Komdu áður en þeir seljast. Komdu núna.

KLIKKAD VERÐ 😊
EKKERT ÚT 😊

Skoðu bílana í smáauglýsingum DV og Fréttablaðsins.
Skoðu bílana á www.brimborg.is. Komdu í Brimborg Reykjavík, Akureyri.



Öruggur staður til að vera á

Nýr og enn betri Hyundai SANTA FE

Frumskýningarhelgi 8-9 janúar frá kl. 12 til 16

Mikið rými



Ný hönnun



Ný 2.0 díselvél



Nýr drifbúnaður



» Nýr Hyundai Santa Fe
Verð frá kr. 2.690.000

Santa Fe CRDi 4x4, 2.0 dísel,
112 hestöfl, sjálfskiptur.
Dráttarafl 2000 kg.

Þú eignast hann fyrir kr. 2.990.000
Bílasamningur kr. 39.900 á mánuði*



HYUNDAI

hefur gæðin



Með bílinn handa þér

B&L

Grjóthálsi 1

575 1200

www.bl.is

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílas Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanesbæ sími 421 4444
Bífreiddaverkstæðið Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bífreiddaverkstæði Borgþórs Egilsstöðum sími 471 1436

Mánaðargjöldið er miðað við bílasamning Lýsingar til 84 mánaða og 10% úrborgu.
Náttúru upplýsingar hjá söluráðgjafa í síma 575 1200.

TAKMARK

Rýmingarsala á ferðavélum • Sýningarv



ACER TravelMate 243Lce

2.5GHz Mobile Intel Celeron, 256MB minni, 20GB harðdiskur, skrifari og DVD drif, 15" XGA skjár, Intel Extreme II skjákort, módem, netkort og Windows XP Home á íslensku eða ensku

79.900



ACER TravelMate 4502LCi

1.5GHz Pentium M Dothan Centrino, 256MB minni, 30GB harðdiskur, skrifari og DVD drif, 15" XGA skjár, Intel Extreme II skjákort, módem, netkort, þráðlaust net og Windows XP Pro á íslensku eða ensku

109.900



ACER TravelMate 1357LMi

Mobile Amd 3000XP, 512MB minni, 60GB harðdiskur, DVD-RW skrifari, 15" XGA skjár, ATI Radeon 9200 skjákort, módem, netkort, þráðlaust net og Windows XP Home á íslensku eða ensku

114.900



ACER TravelMate 292LMi

1.5GHz Pentium M Centrino, 512MB minni, 40GB harðdiskur, Dual DVD skrifari, 15" XGA skjár, Intel Extreme II skjákort, módem, netkort, þráðlaust net og Windows XP Pro á íslensku eða ensku

129.900



ACER Aspire 1501LMi

Amd Athlon 64 3000+, 512MB minni, 60GB harðdiskur, DVD-RW skrifari, 15" SXGA skjár, ATI Radeon 9600 skjákort, módem, netkort, þráðlaust net og Windows XP Home á íslensku eða ensku

129.900



ACER Aspire 1511LMi

Amd Athlon 64 3000+, 512MB minni, 60GB harðdiskur, DVD+/-RW skrifari, 15" XGA skjár, GeForce Go 5700 skjákort, módem, netkort, þráðlaust net og Windows XP Home á íslensku eða ensku

129.900



ACER TravelMate 4501LCi

1.5GHz Pentium M Dothan Centrino, 512MB minni, 40GB harðdiskur, skrifari og DVD drif, 15" XGA skjár, Intel Extreme II skjákort, módem, netkort, þráðlaust net og Windows XP Pro á íslensku eða ensku

129.900



ACER TravelMate 661LCi

1.4GHz Pentium M Centrino, 512MB minni, 30GB harðdiskur, skrifari og DVD drif, 15" SXGA skjár, Intel DVMT skjákort, módem, netkort, þráðlaust net og Windows XP Pro á íslensku eða ensku

139.900



ACER TravelMate 662LCi

1.5GHz Pentium M Centrino, 512MB minni, 40GB harðdiskur, skrifari og DVD drif, 15" SXGA skjár, Intel DVMT skjákort, módem, netkort, þráðlaust net og Windows XP Pro á íslensku eða ensku

149.900



ACER TravelMate 8002LCIB

1.5GHz Pentium M Centrino, 512MB minni, 60GB harðdiskur, skrifari og DVD drif, 15" SXGA skjár, ATI Radeon 9700 skjá.k, Gigabit netkort, þráðlaust net og Windows XP Pro á íslensku eða ensku

149.900



Öll vör eru stöðgræðsluverð með virðisaukaskatti og bírt með fyrirvara um breytingar, penningvilur og myndbreytingar.

KAÐ MAGN

Élar og lítið útlitsgallaðar • Einstakt verð



ÖLL HELSTU TÖLVUKAUPALÁN ÁSAMT VISA OG EURO RAÐGREIÐSLUM TIL ALLT AÐ 36 MÁNABA



DELL Inspiron 8600

1.7GHz Pentium M Centrino, 512MB minni, 80GB harðdiskur, DVD+RW skrifari, 15.4" WXGA skjár, ATI Radeon 9600 PRO skjákort, þráðlaust net og Windows XP Pro á íslensku eða ensku

199.900



HP Compaq nx9105

Mobile Amd 2800XP, 256MB minni, 40GB harðdiskur, skrifari og DVD drif, 15" XGA skjár, GeForce Go420 skjákort, módem, netkort, þráðlaust net og Windows XP Pro á íslensku eða ensku

129.900



HP Compaq nx9030

1.6GHz Pentium M Centrino, 512MB minni, 40GB harðdiskur, skrifari og DVD drif, 15" XGA skjár, Intel Extreme II skjákort, módem, netkort, þráðlaust net og Windows XP Pro á íslensku eða ensku

139.900



HP Compaq nx5000

1.6GHz Pentium M Centrino, 512MB minni, 40GB harðdiskur, skrifari og DVD drif, 15" XGA skjár, Intel Extreme II skjákort, módem, netkort, þráðlaust net og Windows XP Pro á íslensku eða ensku

144.900



Sony Vaio S1HP

1.5GHz Pentium M Centrino, 512MB minni, 40GB harðdiskur, skrifari og DVD drif, 13.3" WXGA skjár, ATI Radeon 9200 skjákort, netkort, þráðlaust net, aðeins 1.89 kg Windows XP Pro á íslensku eða ensku

199.900



Sony Vaio S2HP

1.6GHz Pentium M Centrino, 512MB minni, 40GB harðdiskur, DVD+/-RW skrifari, 13.3" WXGA skjár, ATI Radeon 9700 skjákort, netkort, þráðlaust net, aðeins 1.89 kg og Windows XP Pro á íslensku eða ensku

209.900



ACER TravelMate 1802WSMi

3.0GHz Pentium 4 með 1MB, 512MB minni, 80GB harðdiskur, DVD+/-RW skrifari, 17" WXGA skjár, ATI Radeon X600 skjákort, Gigabit netkort, þráðlaust net og Windows XP Home á íslensku eða ensku

169.900



Apple iBook G4 1GHz

1.0GHz PowerPC G4, 256MB minni, 40GB harðdiskur, skrifari og DVD drif, 14.1" XGA skjár, ATI Radeon 9200 skjákort, módem, netkort, þráðlaust net, aðeins 2,7Kg og Mac OS X stýrikerfi

139.900



IBM ThinkPad R51

1.5GHz Pentium M Centrino, 256MB minni, 40GB harðdiskur, skrifari og DVD drif, 14" XGA skjár, Intel Extreme II skjákort, netkort, þráðlaust net og Windows XP Pro á íslensku eða ensku

139.900



IBM ThinkPad T42

1.7GHz Pentium M Centrino, 512MB minni, 40GB harðdiskur, skrifari og DVD drif, 15" SXGA skjár, ATI Radeon 7500 skjákort, netkort, þráðlaust net og Windows XP Pro á íslensku eða ensku

189.900

TÖLVULISTINN

Glerárgötu 36 • 600 Akureyri • Sími 464 7400

EFTIRMÁLI: GUNNLAUGUR BJÖRNSSON STJARNÆDLISFRÆÐINGUR

Umtalsvert vatn

Nú er rúmt ár liðið síðan bandaríska könnunarfarið Spirit lenti á Mars og hóf að senda myndir og jarðfræðilegar upplýsingar um þessa nágrannareikistjörnu okkar. Gunnlaugur Björnsson, stjarnædlisfræðingur hjá Raunvísindastofnun Háskólans, segir að kannanir farsins hafi hjálpað okkur heilmikið til að skilja jarðfræðina á Mars. „Það er er eitt að reyna að gera sér mynd af jarðfræðinni á Mars og þeim þáttum sem mótað hafa yfirborðið, en allt annað að gera aktívar mælingar á staðnum. Jarðfræðinni sjálfri svipar til okkar, en Mars er minni reikistjarna og virkinn því líkast til hlutfallslega minni. Til dæmis eldgosavirknin, en þarna er stærsta eldfjall í sólkerfinu.“ Eldfjallið hefur þó ekki verið virkt í tugi eða hundruð milljónir ára.



GUNNLAUGUR BJÖRNSSON

Ein merkasta uppgötvunin er oft sögð vera staðfesting þess að það hafi verið vatn á Mars. „Það var vitað um íshellur á skautunum og ummerki eftir hamfaraflóð sem líklega eru vatnsflóð. Það var svo núna í desember að menn gáfu út þá niðurstöðu að þarna hafi verið umtalsvert vatn á yfirborði reikistjörunnar. Það er merkilegt í sjálfa sér og tengist þeirri spurningu hvort það hafi verið líf á Mars.“

Enn stendur til að senda mannað geimfar til Mars, en Gunnlaugur segir að það verði sjálfsgætt ekki fyrr en eftir árið 2020. „Þetta er rosalega dýrt og tæknilega mjög erfitt. Fyrir utan að það þarf að hafa uppi á einhverjum sem býðst til að fara. Það er ekki víst að það gangi vel, því bara önnur leiðin tekur 8-10 mánuði.“ ■

SVONA ERUM VIÐ



ÍBÚAR ÍSAFJARÐAR ERU 4.131
2.091 karl og 2.040 konur.

24
stundir

Verkamaður í víngarði Drottins

Jón Oddgeir Guðmundsson rekur verslunina Litla húsið á Akureyri. Þar höndlar hann með Guðsorð í ýmsum myndum en allt hans líf snýst um Guð, trúna og kirkjuna.

TRÚ Trúin er sterkur þráður í öllu sem snertir líf kaupmannsins í Litla húsinu. Hann er yngstur fjögurra systkina en foreldrar hans, Þórunn Jónsdóttir og Guðmundur Jónasson, voru bæði sterktrúuð. Hann fór ungur í sunnudagaskóla í kristniboðshúsinu Zíon á Akureyri og um átta ára aldur byrjaði hann í KFUM þar sem hann varð síðar foringi.

Árið 1971 hóf Jón Oddgeir að starfrækja Orð dagsins, símsvara sem fólk gat hringt í allan sólarhringinn og hlustað á kristilegar hugleiðingar. Í dag, 33 árum síðar, starfrækir hann enn Orð dagsins og aldrei hefur hann tekið krónu af þeim sem nýtt hafa sér þessa þjónustu. „Fyrstu áratuginu voru mjög margir sem hringdu í Orð

dagsins en hin síðari ár hefur þeim farið fækkandi. Þó hringja enn 10 til 20 manns á dag,“ segir Jón Oddgeir sem les að mestu sjálfur inn á símsvarann og skiptir daglega um hugleiðingar.

Þar sem hann fékk engar tekjur af Orði dagsins, en hafði af tölverð útgjöld, fór hann fljótlega að huga að leið til að standa straum af kostnaðinum. „Ég datt niður á breska hugmynd árið 1972 sem gekk út á að bænin voru prentaðar á límniða sem síðan voru límdir á mælaborð í bílum. Þessari hugmynd kom ég á markað hér á landi og hefur bílabænin farið í tugi þúsunda íslenskra bifreiða.“

Jón Oddgeir hefur sótt fleiri kristilegar viðskiptahugmyndir út fyrir landsteinana. „Árið 1984 byrjaði ég að gefa út Guðsorða-öskjuna en í henni eru lítil spjöld með 200 ritningargreinum eða Biblíutextum. Öskjuna, sem er að norskri fyrirmynd, kalla ég Orð Guðs til þín úr Biblíunni og hef ég selt yfir 12 þúsund eintök.“

Litla húsið

Jón Oddgeir erfði Litla húsið eftir föður sinn og hóf að versla með kristilegar vörur árið 1981. „Það sem ég sel mest af eru bænaþækur, Biblíur handa börnum, krossar af ýmsum toga og Guðsorðaöskjurnar. Einnig eru englanælar og englamyndir vinsælar. Ég hef lítið auglýst í gegnum tíðina en þó hafa viðskiptin heldur farið vaxandi og ég verð ekki var við að fólk sé síður trúað í dag en þegar ég byrjaði fyrir rúmum tveimur áratugum,“ segir Jón Oddgeir.

Kaupmaðurinn í Litla húsinu á Akureyri er einhleypur og óhætt að segja að allt hans líf snúist á einn eða annan hátt um Guð, kirkjuna og trúna. Hann er formaður KFUM og K á Akureyri, á sæti í sóknarnefnd Akureyrarkirkju, situr í stjórn Landssambands KFUM og K, er í leikmannaráði þjóðkirkjunnar, formaður sumarþáttanna að Hóla vatni og sem umboðsmaður Hjálparstarfs kirkjunnar á Akureyri sér hann um ýmis verk s.s. að deila út mat til bágstaddir



JÓN ODDGEIR GUÐMUNDSSON
Kaufmaðurinn í Litla húsinu á Akureyri.

fyrir jól. Að fenginni þessari upptalningu frá Jóni Oddgeiri stenst blaðamaður ekki mátið og spyr hvort ekki sé óhætt að telja hann umboðsmann Guðs á Akur-

eyri. Hann hlær við og strýkur blaðamanni vinalega um bakið um leið og hann segir: „Nei, ég er bara verkamaður í víngarði Drottins!“ kk@frettabladid.is



ALGENG SJÓN Í UMFERÐINNI

Umferðin: Lafandi treflar

GLEYMSKA Talsvert ber á að treflar, frakka- og kápuhorn, svo ekki sé talað um belti af yfirhöfnum, lafi út úr bifreiðum á ferð um götur og stræti. Gætir þá fólk ekki nægilega vel að sér þegar það lokar dyrum bifreiða sinna; gleymir sum sé að kippa flíkunum að sér. Er hér um hvítleitt vandamál að ræða enda fara treflar og aðrar flíkur illa á að velkjast eftir götunum, ekki síst í slabbinu sem nú ríkir.

- bps

F2
9. FEB. 2. ÁRG. 6. 1. 2005



Ólafur Egill

Slær í gegn fyrir norðan

Íslenskur hreindýrasmi í Noregi

Smári - einn af 200 bestu auglýsingalösum myndurum heims ■ Götturnar í lífi Péturs Gauts málara ■ Japanskir grillpinnar ■ Matgæðingurinn Eyjólfur Kristjánsson ■ Það sem er að gerast um helgina ■ Böddi klippari ■ Súr bolahúmor

Inni í Fréttablaðinu
í dag

tilboðs dagar

Verðdæmi
Vandað ítalskt
leðursófasett 3+1+1
~~306.000.-~~
Verð nú aðeins kr.
198.000.-

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opíð virka daga 10-18 Laugard 11-16

ADENS NOKKKUR SETT!

Íú^V“ã”ÁS

=Z ZgZ, '&' 'ZgšZk+)).
El dāÁg 1/4Yi==l'ØTT'
Xkdd%Z " " l dā ā gAlaY
1/Ø hWgdg Wff SX1/4æg fa l'g_ l

- b%ebl^Sdl




áíóóñ' fñ

ipSk' svL



VhVf a | |



áíóóñ' fñ



áíóóñ' fñ



7l' [Y Xk^YS ahæS' [d Xdëf_ wY
XhæS_ efSd&SÁ'g_ :UW' VEBs_ 8lf Wæ Xkdg_ %' z' " |d

fôXkXkëfím
foXkXkëfím
=Z ZgZ, '&' 'ZgšZk+)).


#ad
ay ø
&fôAhSd

32ë9Î D:ë
36ECF? 2C9Î D:ë
DA@CE9Î D:ë
úC6<9Î D:ë
âhiég` â hW^iÁS`



ICELAND
SPA & FITNESS

ež' (# # " i i i žeXje



NÓATÚN

50%
afsláttur
við kassa

NÓATÚNS
ÞURRKRYDDAÐ
LAMBALÆRI

799 kr.
kg

Þú sparar 800 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 1.599 kr./kg.

Þú gerir góð kaup!



KELLOGGS
KORNFLAKES
KASSI

249 kr.
kg

Þú sparar 50 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 299 kr./kg



NÁTTÚRA
APPELSÍNUSAFI
1 LÍTRI

139 kr.
1 L



NÁTTÚRA
EPLASAFI
1 LÍTRI

139 kr.
1 L



35%
afsláttur
við kassa

MÓA
KJÚKLINGUR,
LÆRI /LEGGIR
389 kr.
kg
Þú sparar 210 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 599 kr./kg



NÓATÚNS
HEILSUBRAUÐ
189 kr.
stk.
Þú sparar 106 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 295 kr./stk.

35%
afsláttur
við kassa



MÓA
KJÚKLINGUR,
HEILL
389 kr.
kg
Þú sparar 209 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 598 kr./kg



FLORETTE
SALATPOKI
ÝMSAR TEGUNDIR
349 kr.
pk.



BATCHELOR SAVORY
HRÍSGRJÓNA-
SKYNDIRÉTTIR
129 kr.
kg
Þú sparar 50 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 179 kr./kg



NÓATÚN

OPIÐ
TIL
KL. **21** ALLA
DAGA

FBL GREINING: SNJÓFLÓÐ

Splundra öllu sem á vegi verður

Snjóflóð hafa fallið víða um land undnangengna daga, flest blessunarlega utan byggðar en eitt olli þó skemmdum í Hnífsdal. Þá hefur þurft að rýma íbúðarhús víða á Vestfjörðum vegna snjóflóðahættu.

Lögun fjalla og úrkoma

Langflest snjóflóð falla í hlíðum sem hafa 30 til 50 gráðu halla og meiri snjóflóðahætta er í ávölum brekkum en íhvolfum þar sem togspenna er meiri þar. Snjór safnast gjarnan í hvíltir og mörg gil eru í fjallshlíð og getur það stóraukið snjóflóðahættu.

Þegar snjóflóða er mikil er hætt við að snjóþekjan bindist ekki sem skyldi. Undirlagið skiptir einnig miklu máli. Algengt er hér á landi að í kjölfar snjókomu hlýni og snjórinn þyngist. Þungur og blautur snjór sest ofan á léttari snjó sem veldur því að snjóflóð falla oft í hrinum.

Fylgi sterkur vindur úrkomu safnast snjórinn saman hlé megin í fjallshlíðum, giljum og skorningum og þegar skefur fram af fjallsbrúnum er hætta á hengjmyndun.



Orsök flestra snjóflóða sem falla á Vestfjörðum er þegar vindur blæs yfir fjöll sem eru flöt að ofan.

Gerðir snjóflóða

Snjóflóðum er jafnan skipt í tvo flokka: lausasnjóflóð og flekaflóð en einnig eru þau undirflokkuð í kóflaup, þurr og vot hlaup.

Upptök lausasnjóflóða eru yfirleitt í efsta hluta snjóþekjunnar í lausum snjó þar sem lítil binding er. Lausasnjóflóð falla yfirleitt í eða rétt eftir mikla snjókomu. Í flekahlaupum skriður snjóþekjan af stað í heillegum flekum vegna samloðunar, en stór svæði geta farið af stað í einu og flutt með sér mikið snjómagm. Flekaflóðin eru mun algengari hérlandis en lausasnjóflóðin þó að mörkin þar á milli séu ekki mjög skýr. Rennslisraði snjóflóða er mismikill, þurr flóð renna hraðar en blaut. Kóflaup geta náð mjög miklum hraða en á undan þeim fer kröftug þrýstibylgja sem getur splundrað því sem á vegi verður, þar á meðal húsum og bílum. ■



SPURT OG SVARAÐ

NÆTURSJÓNAUKAR LANDSBJARGAR



VALGEIR ELÍASSON

Ánægjuleg jólagjöf

Slysavarnafélagið Landsbjörg fékk á dögunum 28 nætursjónauka að gjöf frá tryggingafélaginu Sjóvá-Almennum. Valgeir Elíasson, upplýsingafulltrúi Landsbjargar, segir að sjónaukarnir muni auðvelda leit á hafi úti í myrki umtalsvert. Þeir auka líka öryggi áhafna því menn geta betur gert sér grein fyrir aðstæðum við leit og björgunarstörf.

Hversu oft þurfið þið að nota slíka sjónauka?

Ég gæti trúað því að helmingur útkalla okkar á björgunarskipunum sé kvöld og nætur. Útköll og aðgerðir björgunarskipa eru 150-200 á ári þannig að sjónaukarnir munu nýtast okkur vel.

Notið þið ekki sjónaukann fyrst og fremst á veturna?

Jú, hann er góður við björgunarstörfin á þessum árstíma. Svona nætursjónauki er afar nauðsynlegur fyrir okkur yfir dimmstu mánuðina.

Er hann flókinn í notkun?

Hann er frekar einfaldur í notkun og það er fljótlegt að læra á hann. Með stuttri kynningu getur hvaða björgunarsveitarmaður sem er notað hann. ■

Barnung fórnarlömb boðin til kaups

Óttast er að óprúttir glæpamenn reyni að ræna munaðarlausum fórnarlömbum hamfaranna við Indlandshaf og selji þau í ánaud. Rúm milljón barna lendir í höndum smyglara ár hvert.

BARNARÁN Tugþúsundir barna við Indlandshaf eru munaðarlausar eftir hamfarirnar þar og er óttast að glæpamenn freisti þess að ræna einhverjum þeirra til að selja til ættleiðinga eða í þrældóm. Talið er að rúm milljón barna lendi árlega í höndum smyglara í heiminum. Félagið Íslensk ættleiðing telur útilokað að börn sem numin eru á brott komi hingað til ættleiðinga.

Þótt flóðin hafi rénað við Indlandshaf er hamförnunum ekki lokið. Tugþúsundir barna hafa misst foreldra sína eða ættingja og los hefur komist á hundruð þúsunda fjölskyldna um allt hamfarasvæðið. Í Aceh-héraði á Súmötru er talið að 35.000 börn séu munaðarlaus. Sérfræðingar óttast að glæpamenn sæti lagi í þessu upplausnarástandi og ræni börnum sem enginn veit hvort séu lífs eða liðin.

Þegar eru farnar að berast óhugnanlegar en óljósar fregnir af slíkum ránum. Margir á Vesturlöndum hrukku í kút þegar fregnir bárust af tólf ára gömlum sænskum dreng sem átti að hafa verið numinn af brott af sjúkrahúsi í Taílandi. Að líkindum er þar misskilningur á ferðinni því nú hafa þarlend yfirvöld neitað að drengurinn hafi yfirleitt verið á sjúkrahúsinu. Barnahjálpar Sam-



MUNADARLEYSINGI Í GÓÐUM HÖNDUM

Þessi litla indónesíska telpa missti foreldra sína í flóðunum á dögunum en komst í hendur hjálparstarfsmanna. Munaðarlaus börn frá Aceh-héraði eru talin í stórhaettu vegna glæpamanna sem ásælast þau.

einuðu þjóðanna, Unicef, segir að maður í Indlandi hafi villt á sér heimildir þegar hann gerði tilkall til telpu í þeirra vörslu með því að segjast vera frændi hennar. Textaskilaboð hafa gengið manna á milli í Indónesíu þar sem 300 munaðarleysingar frá Aceh eru auglýstir til sölu. Talsmaður Unicef í

Indónesíu segist hafa áreiðanlega heimildir fyrir að minnsta kosti einu tilviki þar sem barni frá Aceh var smyglað á brott af glæpamönnum en auk þess eru tugir óstaðfestra tilvika um slíkt. Skammt frá Aceh er hafnarborgin Medan sem er miðstöð smyglara í þessum heimshluta.

Stjórnvöld í Indónesíu hafa sett farbann á börn yngri en sextán ára sem eru frá Aceh en auk þess hafa hjálparstarfsmenn sett saman áætlanir til að vernda börn fyrir þessum voða. „Mörg börn hafa misst sína nánustu og þau eru því í stórhættu. Save the Children og Unicef eru að setja upp sameiginlegar skrifstofur til að skrá börnin til að geta fylgst með hvaða börn eru á staðnum, auk þess að sjá þeim fyrir mat og húsaskjólí,“ segir Kristín Jónasdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla. Ekki er útilokað að einhver þeirra barna sem óttast er um hafi látist í sjálfum hamförnunum og svo eru dæmi um að fólk hafi einfaldlega tekið þau að sér af einskærri samúð án þess að tilkynna það sérstaklega.

Skipulögð rán og smygl á börnum eru ekki ný af nálinni. Unicef telur að allt að 1,2 milljónir barna lendi árlega í höndum smyglara, mörg þeirra eru seld til ættleiðinga en sum eru hneppt í vinnu- og kynlífsþrækkun. Barnasmygl er hluti af skipulegri glæpastarfsemi sem teygir anga sína um allan heim og er talið að höfuðþáttar hennar hafi stórfé upp úr krafsinu.


Guðrún Sveinsdóttir, hjá félaginu Íslenskri ættleiðingu, telur nánast útilokað að börn frá Indlandi og Taílandi sem hingað koma til ættleiðingar hafi komið eftir ólöglegum leiðum. „Allar ættleiðingar eru á vegum yfirvalda þannig að þarlend stjórnvöld fullvissa sig um að börnin séu raunverulega munaðarlaus og eigi enga ættingja sem vilji taka þau að sér áður en þau fara til ættleiðingar úr landi.“

sveinn@frettabladid.is

www.lyfja.is

20% afsláttur

25% afsláttur af blóðfitumælingu




Af öllum vítamínunum, fæðubótarefnum og bætiefnum meðan birgðir endast. Tilboðin gilda í öllum verslunum Lyfju dagana 4.-8. janúar.

Byrjum árið vel...

LAUSFRYSTIR
KJÚKLINGABITAR



699 KR.



599 KR.



SKAGFIRSKA SÚPUKJÖTIÐ

BLANDAÐ SÚPUKJÖT
299 KR.

ÚRVALS SÚPUKJÖT
399 KR.

HOLTA kjúklingavængir

179 KR.

40% afsláttur við kassann
Merkt verð 299kr.kg

LAUSFRYSTIR BITAR

299 KR.

FITUBRENNSLUDRYKKIR

139 KR.

500ml

Ferskir vængir
40% afsláttur við kassann



3 í pakka

95 KR.



500 ml FÚTT Á PREKHJÓLIÐ

40% afsláttur við kassann

359 KR.

40% afsláttur við kassann
Merkt verð 599kr.kg



89 KR.

KÍLÓBRAUÐ

EKKERT BRUÐ!

1000g



2 LÍTRAR

89 KR.

Ferskir bitar

FROSNIR ÝSUBITAR

459 KR.

KOFAREYKT SVEITABJÚGU

149 KR.

1 lítri



KOLSÝRT VATN HREINT EÐA MEÐ SÍTRÓNUBRAGÐI



ROÐLAUSIR OG BEINLAUSIR BÚHNYKKS ÝSUBITAR



KJARNAFÆDIS SVEITABJÚGU

299 KR.

KÍLÓVERÐ



Ekkert bruið!

Tilboðin gilda frá fimmtudegi 6. jan. til sunnudags 9. jan. eða meðan birgðir endast

skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Ráðgert er að kosningar fari fram í Írak síðasta sunnudaginn í janúar.

Ófriður áfram

Það ætlar seint að takast að stilla til friðar í Írak. Þaðan berast stöðugt fréttir af árásum uppreisnarmanna á ráðamenn í þjóðfélaginu og bandaríska hermenn. Nú síðast var héraðsstjórinn í Bagdad ráðinn af dögum er hann var á ferð í norðurhluta borgarinnar. Árásin virðist hafa verið vel skipulögð og árásarmennirnir tóku meira að segja myndir af því þegar bílalest héraðsstjórans var bókstaflega sprengd í loft upp. Í gær bárust svo enn fréttir af fleiri árásum og að þessu sinni var um að ræða sjálfsmorðsárás á lögregluskóla sunnan við höfuðborgina þar sem verið var að útskrifa lögregluþjóna til starfa í landinu. Meira en 20 manns létust í árásinni og margir særðust.

Hörmungarnar á flóðasvæðunum í Asíu hafa dregið athygli umheimsins frá ástandinu í Írak undanfarna daga, en þar virðist allt við það sama, og reyndar síst betra en fyrir jól. Bandarískir hermenn eru þar gjarna í skotlínu. Tölur frá Pentagon um fallna og slasaða tala líka sínu máli. Um tíu þúsund hermenn hafa slasast þar í bardögum á þeim tíu mánuðum sem liðnir eru frá því að stríðið hófst og um 1300 hafa fallið í valinn.

Það var sláandi í fréttum vikunnar þegar greint var frá því að þrjár fyrrverandi forsetar Bandaríkjanna hefðu verið fengnir til að safna peningum til styrktar þeim sem eiga um sárt að binda á flóðasvæðunum í Asíu. Þegar náttúruhamfarir dýnja yfir þarf að efna til víðtækrar söfnunar, en þegar um stríðsrekstur er að ræða virðast sem sjóðir stjórnmála séu ótæmandi.

Ráðgert er að kosningar fari fram í Írak síðasta sunnudaginn í janúar og líklegt þykir að uppreisnarmenn séu að minna á sig fyrir þær. Ráðamenn í Írak láta þó engan bilbug á sér finna varðandi kosningarnar, þrátt fyrir stöðugar árásir. Þeir ætla að efna til kosninga hvað sem á dynur og segja að uppreisnaröfl megi ekki koma í veg fyrir eðlilega stjórnmálaþróun í landinu.

Talið er að um 1300 lögreglumenn hafi fallið í árásum í Írak síðustu fjóra mánuði og að í líði uppreisnarmanna séu um tvö hundruð þúsund manns, þar af séu um fjörutíu þúsund manna harður kjarni. Þetta sýnir að vandi stjórnmála í Írak og Bandaríkjamaða við að koma á friði er ærinn.

Svo virðist sem Bandaríkjamaða hafi alls ekki gert ráð fyrir þeirri miklu mótstöðu sem þeir hafa orðið fyrir í kjölfar hernámsins. Njónsnastofnanir þeirra hafa því ekki aðeins brugðist hvað varðar vopnabúnað Saddams Hussein, heldur líka hvað snertir hugsanlega þróun í landinu að stríði loknu.


Ýmsar kenningar eru á lofti hvað varðar þróun mála í landinu að loknum kosningum 30. janúar. Sumir spá því jafnvel að þá brjótist út borgarastríð í Írak milli þeirra tveggja hópa sem takast á um framtíð landsins: sjía- og súnni-múslima.

Írak er ekki eitt þeirra landa sem aðild eiga að Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, en stjórnmöld í Bagdad hafa þó óskað eftir því að stofnunin sendi fulltrúa til að fylgjast með kosningunum. Þrátt fyrir að Írakar eigi ekki aðild að ÖSE, þá virðist sjálfsgætt að stofnunin sendi fulltrúa sína þangað, ekki síst ef það gæti orðið til þess að minnka spennuna sem óhjákvæmilega verður þar í kringum kosningarnar. ■

ÞÓRSHAMAR

KARATE

BYRJENDANÁMSKEIÐ
ERU AÐ HEFJAST



Brautarholt 22 • Sími: 551 4003
www.thorshamar.is • thorshamar@thorshamar.is

	FRÁ DEGI TIL DAGS
<p>Markúsi hrósað Áramótas kaup Sjónvarpsins er fastur punktur í skemmtanahaldi þjóðarinnar á gamlárskvöldi. Heita má að allir landsmenn horfi á það og hafi síðan á því skoðun. Dagskrárlíðurinn sem á eftir fylgir, áramótadagskrá útvarpsstjóra, nýtur ekki sömu hylli, líklega standa flestir upp og hverfa frá víðtækjunum til að sinna flugeldum og freyðvinsdrykkju, enda heyrast þær raddir íðulega fyrstu daga nýs árs að þátturinn sé úrelt fyrirbæri. Ekki eru þó allir á því. Ögmundur Jónasson</p>	<p>alþingismaður, sem líklega má telja Íslandsmethafa í minnihlutaskoðunum (og þær þurfa ekki að vera verri fyrir það), hrósar útvarpsstjóra í hástert á vefsíðu sinni í vikunni. „Mér þykir Markús Örn Antonsson, útvarpsstjóri RÚV eiga vinninginn þessi áramót. Hann hefur fundið aldeilis frábæra formúlu fyrir sitt framlag og framkvæmir hana mjög vel“ skrifar Ögmundur. „Sennilega er hlutskipti Markúsar Arnar erfiðast allra áramótamanna. Hann kemur á skjáinn rétt fyrir miðnættið þegar óþol er komið í mannskapinn, fólk vill skála og sprengja. Markúsi hefur hins vegar tekist að finna leið til að ná athygli okkar. Hann býður upp á sögulega og menningarlega veislu“.</p>



gm@frettabladid.is



Tannvara eða vaðmál?

Hverju sætir það, að útkjálkamenntu upp á Íslandi skrifuðu bækur, sem áttu engan sinn líka annars staðar um heiminn á sinni tíð? Íslendingasögur eru einsdæmi: aðrar þjóðir eiga engar sambærilegar ritaðar heimildir um sögu sína, engan sambærilegan skáldskap. Gunnar Karlsson prófessor gerir glögga grein fyrir þessari sérstöðu í bók sinni *Goðamenning* (2004).

Helgi Guðmundsson prófessor hefur sett fram nýstárlega kenningu um uppsprettur menningar á Íslandi til forna. Í bók sinni *Um haf innan* (1997) og svo aftur í greinasafninu *Land úr landi* (2002) vekur Helgi máls á því, að hámenning um heiminn eins og t.a.m. bókmennning Íslendinga til forna hefur hvergi orðið til við búskap á sveitabæjum. Fyrri höfundar eins og t.d. Sigurður Nordal (*Íslensk menning*, 1942) settu þetta atriði ekki fyrir sig. Þeir leituðu skýringar á fornmenningu Íslendinga fyrst og fremst í menningunni sjálfri. Þráðurinn var þessi: Snorri Sturluson skrifaði bækur sínar á íslensku, ekki á latínu eins og tíðkaðist í öðrum löndum. Hér var álitlegur hluti alþýðu manna læs á eigin tungu, svo að Snorri og aðrir höfundar áttu greiðan aðgang að lesendum. Tungan skipti sköpum, hún batt þjóðina saman og bjó til markað fyrir bækurnar. Harðbýlið neyddi menn til útrásar. Þessar skýringar eru trúlegar, svo langt sem þær ná. Helgi Guðmundsson gengur skrefi lengra. Hann setur málið í alþjóðlegt samhengi og dregur sömu ályktun og erlendir hagsögufræðingar: „Hámenning verður til þar sem er verzlun, auðmyndun, náð samband við útlönd, umferð fólks víða að og menntun.“

Helgi fjallar um efnahagslið þessa mikla máls og segir: „Menning kostar of fjár. Það vill stundum gleymast. En það er

Í DAG
UPPSPRETTUR
ÍSLENZKRAR MENNINGAR



DORVALDUR
GYLFASON

„Petta kalla ég bókmenntahagfræði af beztu sort.“

undantekningarlaus regla, að ríkidæmi er undanfari og undirstaða menningar.“ Hann lýsir því, hvernig lærið menn íslenskir dvöldust í útlöndum árum saman, keyptu bækur og forfrömuðust og fluttu með sér heim. Það var dýrt. Helgi sér það í hendi sér, að til þess að standa straum af menntun og menningu þurfti útflutning. Hann dregur í efa fyrri kenningar um erlend viðskipti Íslendinga í fornöld – þá víðteknu hugmynd, að vaðmál hafi verið helzta útflutningsafurð landsmanna. Vaðmálsmenn getur varla staðizt, segir Helgi, til þess var vaðmál of verðlitið og vandmeðfarið. Það þurfti t.d. að fleygja því fyrir borð, ef það blotnaði í hafi, því að ella hefðu skipin sokkið.

Hlustum áfram: „Til þess að skýra þá hámenningu, sem varð til á Íslandi, verður að sýna fram á verzlun með dýrar vörur, auðmyndun, menntun, sem barst úr mörgum áttum, umferð útlendra manna og siglingar til margra landa, einkum utan Norðurlanda. Svipast má eftir einhverju, sem gat staðið undir auðmyndun á Íslandi. Ekki verður séð, að neinn innlendur varningur komi þar til greina. Þá verður að leita til útlanda. Varla hafa Íslendingar

Óli Björn snýr aftur
Örn Valdimarsson hætti um áramótin sem ritstjóri Viðskiptablaðsins og framkvæmdastjóri útgáfufélagsins Framtíðarsýnar. Í stað hans hefur Óli Björn Kárason, fyrrverandi ritstjóri DV, tekið við framkvæmdastjórninni. Óli Björn var helsti frumkvöðull að útgáfu Viðskiptablaðsins á sínum tíma og er meðal eigenda blaðsins. Nýr ritstjóri kemur að blaðinu í vor en ekki hefur verið greint frá því hver það verður. Á meðan gegnir Jónas Haraldsson blaðamaður ritstjórnastörfum.



gm@frettabladid.is

Íslenska fjölskyldan:
Hver sér um börnin?

Eru samverustundir foreldra og barna orðnar að engu með breyttri samfélagsgerð?



SKOÐANIR OG UMRÆÐUR Á VISIR.IS

VISIR

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: Frétt ehf. RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN, AUGLÝSINGAR OG DREIFING: Skafahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is SETNING OG UMBROT: Frétt ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafraenu formi og í gagnaböndum á endurgjald. ISSN 1670-3871



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	11.12 13.34	15.56
Akureyri	11.22 13.18	15.15

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er fimmtudagurinn 6. jan., 6. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Pabbi og mamma fengu nýtt barn í jólagjöf. Ég var að vona að ég mætti kannski eiga það pínulítið líka ...



Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is

Smáauglýsingar byrja í dag á bls. 7

Flokkar & fjöldi

Bílar & farartæki 173 stk.

Keypt & selt 29 stk.

Þjónusta 37 stk.

Heilsa 7 stk.

Skólar & námskeið 4 stk.

Heimilið 10 stk.

Tómstundir & ferðir 4 stk.

Húsnæði 23 stk.

Atvinna 38 stk.

Tilkynningar 3 stk.

Pú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is



allt

heimili o.fl.
Gersemar frá álfum
BLS. 2



SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Katrín heldur mjög mikið upp á vettlingana sem vinkona hennar þrjónaði á hana.

Hlýja mér í hjartanu

Katrín Guðmundsdóttir, harmoniku-leikari í Brúðarbandinu, er svolítið efnis um að finna uppáhaldsflíkina vegna þess að hún er engin þæja.

„Ég er vöðalega mikill lúði í svona málum. Ég held að ég eigi ekki einn skartgrip. Ég er sko engin þæja,“ segir Katrín aðspurð um uppáhaldsflíkina en þegar hún er sannfærð um að uppáhaldið þurfi ekki að vera þæjuflík þá dettur henni strax eitt í hug. „Vinkona mín þrjónaði á mig vettlinga sem eru ekki með neinum puttum. Ég veit eiginlega ekki hvað ég á að kalla þá – griffluvettlinga kannski? Þeir eru vöðalega þægilegir og ná langt upp þannig að þeir hlýja mér í hjartanu,“ segir Katrín sem er aldeilis fegin að


eiga svona klára vinkonu. „Hún er rosa dugleg að þrjóna og það er munur að eiga vinkonu sem getur hannað á mann flíkur.“ „Vettlingarnir eru dökkrauðir með gullglans í heim og ég nota þá alla daga. Þeir eru bráðnaðsýnlegir í þessu veðri núna. Ég get meira að segja spilað á harmonikkuna í þeim. Ég hef reyndar bara gert það einu sinni en ég get það samt. Við erum yfirleitt ekki að spila í það miklum kulda,“ segir Katrín en hún er á fullu með Brúðarbandinu og reynir að halda jafnvægi milli hljóm sveitarinnar og fjölskyldunnar. „Við æfum líka mjög reglulega og erum alltaf að búa til ný lög. Þetta er svo gaman og það er mun auðveldara að spila núna en var áður. Við erum orðnar aðeins sjóðri en alls engir atvinnumenn,“ segir Katrín að lokum og hlær. ■

LIGGUR Í LOFTINU fyrir heimilið

Verslunin rum.is býður upp á þjónustu í janúar fyrir þá sem fjárfesta í amerískum rúmum. Sjúkraþjálfarinn Hólmfríður B. Þorsteinsdóttir mun verða til staðar fyrir viðskiptavini verslunarinnar og aðstoða þá við val á rúmum.

Nú eftir jólin vilja margir ráðast í endurbreytingar á heimilinu Fyrirtækið Parki ehf. leigir og selur Deva parketslípivélur til að hressa upp á þreytt gólf og leiðbeiningar fylgja með.

Kodak Picture Center er ný þjónusta hjá Hans Petersen. Með Kodak Picture Center Online er hægt að geyma myndasafnið á netinu. Einnig er hægt að panta myndir í framköllun eftir myndasafninu og athuga hvort pantanir þínar eru tilbúnar í verslunum Hans Petersen. Vefsíða Kodak Picture Center er einföld og þægileg í notkun og því ættu allir að geta hlaðið inn myndir sínar. Hægt er að komast inn á vefsíðuna í gegnum vefsíðu Hans Petersen, hanspetersen.is.



heimili@frettabladid.is

sófar • skápar • stólar • borð • sófasett • gjafavara

Bycast leðursófi • **20% afsláttur**



2ja sæta áður kr. 98.200.-
nú kr. 78.600.-

3ja sæta áður kr. 107.400.-
nú kr. 85.900.-

Útsala

á völdum vörum

15-50% afsláttur

Borðstofustóll áður kr. 11.400.-
nú kr. 7.980.-

LÍNAN
H Ú S G Ö G N

SÚÐURLANDSBRÁUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is



Borðstofustóll
30% afsláttur

Dúkkoddar og sængur

Dúkkoddar og -sængur duga lengur því sjaldnar sem þau eru þrífín. Sjáðu til þess að alltaf séu hrein sængurföt utan um koddann og sængina til þess að vernda þau gegn óhreinindum. Koddann skaltu fara með í hreinsun einu sinni á ári en sængina á þriggja til fimm ára fresti.



**Íslenskar lopapeysur
hreindýraskinn
mökkavörur
ullarvörur
glerlist
leirlist**

**ICELAND
GIFTSTORE**
HAMMAGJERÐIN

Hafnarstræti 19 • S.551-1122

Gersemar frá álfum

Nú er glatt í hverjum hól,
hátt nú allir kveði.
Hinstu nótt um heilög jól,
höldum álfagleði.

Þetta syngjum við á þrettándanum þegar við dönsum kringum brennurnar og höldum gleði hátt á loft því þá má búast við álfum, huldufólki og fleiri vættum landsins á kreiki, samkvæmt hinni íslensku þjóðtrú. Margar sögur finnast um álfana og samskipti þeirra við menn og til eru líka ápreifanlegir hlutir sem taldir eru frá þeim komnir. Oft voru þeir laun fyrir veittan greiða. Dæmi um slíkan dýrgrip er álfkonudúkur á Þjóðminjasafninu sem er frá Burstarfelli í Vopnafirði. Sagan segir að sýslumannskona á Burstarfelli gengi í draumi í stein þann sem í rauninni var álfabær og greiddi hag sængurkonu er lá á gólfi og var þungt haldin. Í þakkætisskyni gaf álfkonan henni dúk „mjög dýran úr guðvef, allan gullofinn“ eins og segir í bókinni Gersemar og þarfapung. Hafði enginn séð svo fagran dúk áður enda var hann hafður fyrir altarisdúk í kirkjunni að Hofi í Vopnafirði uns Sigurður Vigfússon fékk hann handa Forngripasafninu árið 1890.



Álfkonudúkurinn fagri frá Burstarfelli. Hann er úr gulu vaðmáli og er alsettur rósum og fíðrildum, auk þess sem tvö sælleg englabörn prýða hann og tvær fagrar konur. Dúkurinn er almenningi til sýnis á Þjóðminjasafninu.



Bikar sem talinn er vera frá álfum kominn er í eigu kirkjunnar á Breiðabólstaði í Fljótshlíð. Margir hafa bergt af honum til að fá bót meina sinna.



Álfabarnið sem var að hjálpa fjölskyldu sinni í Dýrafirði að flytja var dauðþreytt á að rogast með þennan pott svo það lagði hann frá sér og hljóp til mömmu sinnar. Nú er potturinn til sýnis á Þjóðminjasafninu.

Útsalan er hafin!
Mörg góð tilboð

Vandaðar heimilis og gjafavörur

DUKA
Kringlunni - sími : 533 1322

Útsalan er hafin.
Góður afsláttur af föndur og gjafavörum.

DecoArt
Garðatorgi 3 Garðabæ 555 0220

Gæða hús handa þér

Bjálkahús ehf
Hefur skapað sér orð fyrir vönduð hús.
Hús okkar eru byggð til að endast.
Á fjórðahundaró hús hafa verið byggð.

einingahús-bjálkahús-sumarhús www.husogheimili.is
Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar
HUSOGHEIMILI - BJÁLKAHÚS EHF / Borgartúni 29, 105 R, s: 511-1818

Nú er það svart

Fréttablaðið vill beina þeim tilmælum til lesenda að auðvelda blaðberum okkar að bera út blaðið.

Vinsamlegast mokið frá útidyrhurðum og hafið kveikt á útiljósum.

FRÉTTABLAÐIÐ

DV

Mynd er minning

Gamlar ljósmyndir gera heimilið skemmtilegra.

Margir eiga margra áratuga stafla af ljósmyndum sem þeim hrýs hugur við að skoða og flokka. Það þarfa verkefni getur orðið að skemmtilegri dægrestyttingu.

- Byrjaðu á að flokka myndirnar í myndir til að geyma og myndir sem á að henda. EKKI henda myndum þar sem fólk er asnalegt á svipinn eða illa fyrir kallað, með tilkomu digitalvélanna verða slíkar heimildir um lífið sjálft æ sjaldgæfari. Hentu hins vegar hreyfðum myndum eða þeim sem eru ekki af neinu sérstöku
- Flokkaðu myndirnar sem eftir eru eins og þér finnst skemmtilegast, sumir vilja flokka eftir árum en aðrir hafa öll frí saman, afmæli eða jól
- Keyptu falleg myndalbúm sem passa vel heima hjá þér og settu myndirnar í þau



Gaman er að hafa mynd af ömmu þegar hún var ung uppi á vegg til að finna líkindi með henni og afkomendum.

- Hafðu svo alltaf eitt albúm á stofuborðinu fyrir gesti. Þó aldrei fleiri en eitt. Skiptu þeim svo út þannig að þeir sem koma oft að heimsækja þig fái alltaf eitthvað nýtt að skoða

- Finndu myndir af frændsystkinum þínum og vinum frá ýmsum aldurs skeiðum og haltu til haga fyrir atburði eins og stórafmæli eða brúðkaup en þá geturðu glatt alla viðstadda með myndunum og sögunum á bak við þær (sjá lið 1 um að geyma misheppnaðar myndir)

- Búðu til myndavegg af vinum og vandamönnum til að hafa alltaf fólk þitt í kringum þig. ■



Það er hægt að búa til skemmtilega umgjörð um gömlu ljósmyndirnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/MYNDIR: ÞJÓÐMINJASAFNIB OG GUN.



FRÉTTAFLAÐIÐ/VILHELM

Kolbrún Halldórsdóttir tekur vinnuna gjarnan með sér heim og situr þá við tölvuna.

Horfir á hafið

Kolbrún Halldórsdóttir, alþingiskona og leikstjóri, eyðir miklum tíma á heimilinu við tölvuskjáinn en hefur útsýni yfir hafið handan tölvunnar.

„Það eru svo margir staðir þar sem mér líður vel hérna heima en ég eyði sennilega mestum tíma mínum í tölvuhorninu þar sem ég er oftast við vinnu,“ segir Kolbrún og bætir við að hún taki vinnuna ansi oft með sér heim, það virðist aldrei ætla að eldast af henni.

„Það sem er gott við tölvuhornið er að þar er ég með glugga þar sem ég get horft út á hafið. Eg gleymi mér oft við að horfa á ölduganginn og sjávarföllin og mun skemmtilegra að horfa á það en skjávarann á tölvuskjánum,“ segir Kolbrún og hlær.

Hún fær þó ekki alltaf tækifæri til að sitja ein við tölvuna því á tölvuhorni heimilisins eru

hvorki meira né minna en þrjár tölvur. „Bekkurinn er oft þéttsetinn hérna enda er tölvan búin að taka við af nánast öllu. Hægt er orðið að horfa á sjónvarpið í tölvunni og hlusta á útvarpið. Fjölmíðlar eru ekki lengur með hefðbundnu sniði og les ég orðið bara Moggann á vefnum,“ segir Kolbrún sem ekki er mikið heima við þegar þingið stendur sem hæst en hefur náð nokkuð góðu frí heima yfir hátíðarnar.

„Þetta er búíð að vera frábært frí og ég er bara bjartsýn á nýja árið. Reyndar er ég hrædd um að pólitíkin verði átakamikil en eins og einhver sagði: lítið er gaman að guðspjöllunum ef enginn er í þeim bardaginn,“ segir Kolbrún. ■



Hægt er að gerbreyta útliti heimilisins með því að gera púða og gardínur úr sama efni.

Púðar, dúkar og tjöld í stíl!

Mikilvægt er að huga að litasamsetningum.

Nú eru útsölur í fullum gangi í vefnaðarvöruverslunum eins og annars staðar. Þá er kjörið að kaupa nokkra metra af falletgu efni á vægu verði, spotta í stíl og láta hugmyndaflugið svo ráða.

Ef til er gardínustöng er til dæmis frekar einfalt að búa til gardínur með því að falda efnið

uppi og niðri og stinga stönginni svo í gegnum efri faldinn.

Nokkur púðaver er einnig einfalt að sníða og sauma úr sama efni og svo má búa til borðdúka úr sama efni með því að falda allan hringinn. Þetta er góð lausn fyrir þá sem hafa ekki mikið milli handanna en vilja samt eiga fallett heimili. ■

Rómantískur, skandinavískur sveitastíll

Íburðarmiklar ljósakrónur, púðar og skjannahvít blúndurúmteppi.

Þeir sem eru fyrir rómantískan sveitastíl ættu að hafa gaman af því að kíkja inn í verslunina HomeArt á neðri hæð Smáralindar. Þar hitta þeir fyrir Brynhildi Helgadóttur, framkvæmdastjóra verslunarinnar, og hún getur sýnt þeim ýmislegt fallett til heimilisins eða í sumarbústaðinn. „Við erum mest með danskar vörur, svona heimilis- og gjafavörur í bland. Þetta eru bæði vörur í skandinavískum sveitastíl en svo eru einfaldar og klassískar vörur inn á milli.“ Þarna má finna ýmislegt til að búa til hlýlegt heimili, rúmteppi og ljósakrónur í léttum og rómantískum stíl. „HomeArt er þekkt vörumerki um alla Skandinavíu og Þýskaland. Reyndar eru ekki margar búðir sem eru eingöngu eða mestmegnis með vörur frá þessu merki en það er algengt að sjá HomeArt merkið inni í stærri húsbúnaðarverslunum, til dæmis á Strikinu í Kaupmannahöfn.“ En hvað skyldi fólk nú vera mest að skoða þessa dagana? „Vinsælastar núna eru ljósakrónurnar sem eru bæði til úr málm og kristal og svo líka púðar og rúmteppi úr skjannahvítu blúnduefni.“ ■



1. Brynhildur Helgadóttir hefur rekið HomeArt í rúm tvö ár. 2. Englahöfuðin seljast upp jafnóðum og þau koma í búðina. 3. Ljósakrónurnar renna út eins og heitar lummur. 4. Rúmteppi, rúmföt og púðaver úr skjannahvítu blúnduefni. 5. Ýmis fallett stoll eru á boðstólum. 6. Skemmtilegar glasamottur.



tmsugogn.is



ÚTSALA

Verðdæmi:

	Verð áður	Verð nú
1. Vestergaard sjónvarpsskápur spónlaður, hlynur, kirsuber, 210x115x60 cm.....	92.500 kr.	57.500 kr.
2. Sófar New Line 3+2, svart leður.....	329.000 kr.	229.000 kr.
3. Sófi Lind 237 tau áklæði, brúnt, drappað.....	131.000 kr.	79.000 kr.
4. „Tungu“ sófi Megara tau áklæði, grátt, drappað.....	98.000 kr.	59.000 kr.
5. Náttborð m/ 1 skúffu hlynur, kirsuber melamin.....	6.000 kr.	3.500 kr.
6. Fataskápur 41090 beyki, hlynur, kirsuber melamin, 145x60x200.....		18.000 kr.
7. Skrifborð 80231/2 m/yfirhillu hlynur/grátt melamin, 155x70x150.....		19.500 kr.
8. Eldhús- og borðstofustólar.....		frá 1.500 kr.
9. Jensen rúm, Ambassador og Comfort á 30% afslætti, afgr.frestur um.þ.b. 3 vikur		

10% afsláttur af öllum vörum sem ekki eru sérmerktar sem útsöluvörur

Opið

Mán. - fös. 10.00 - 18.00 • Laugard. 11.00 - 16.00 • Sunnud. 13.00 - 16.00



TM - HÚSGÖGN

Síðumúla 30 - Sími 568 6822
- ævintýri líkust

Ferskt útlit

Taktu klípu af dagkreminu og klípu af meiki, blandaðu því saman og berðu svo á húðina. Þannig fær húðin raka og þú færð smá lit í andlitið. Settu varasalva á varirnar eða gloss og þú færð ferskt og fallegt útlit á örskotsstundu og ekki væri verra ef þú myndir brosa þínu blíðasta því fallegt bros er alltaf í tísku.



KÍNASKÓR
Mikið úrval af kínaskóm
í barna- og fullorðinsstærðum
Tilboð - Eitt par kr. 1290 • Tvö pör kr. 2000 -

Stærðir 27-41
Bómull: Svartir og rauðir
Satin blóma: svartir, rauðir og dökkbláir
Flauel: Svartir og brúnir (stærðir 35-41)
Einnig mikið úrval af blómaskóm
í mörgum litum og stærðum.

SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466

ÚTSALA Í SKARTHÚSINU
20-50% afsláttur af töskum
30% afsláttur af Elsie Ryan kjólum og toppum.
Mikið úrval af sjólum, treflum, alpaþúfum
og flísóðruðum vettlingum

SKARTHÚSIÐ Sendum í póströfu
Laugavegi 12, s. 562 2466

MIXA • IT

sjón
glæraugnaverslun

2 fyrir 1
NÝ SENDING

Laugavegi 62 sími 511 6699
Glæsibæ sími 511 6698
Garðatorgi sími 511 6696
www.sjon.is
sjon@sjon.is



Aðalheiður með barnabarni sínu, Steinunni Jónsdóttur, sem klæðist prjónasali eftir ömmu sína.

Hlý og góð lopaherðasjöl

Aðalheiður Helgadóttir prjónar í frístundum sínum og selur afurðirnar á vægu veðri.

„Ég byrjaði á því að prjóna barnateppi fyrir börn og barnabörn. Ég hef misst tölu á því í hve mörg ár ég hef prjónað teppin en þau hafa verið mjög vinsæl í sængurgjafir. Ég hef líka prjónað litlar ullartreyjur á ungbörn að sex mánaða aldri,“ segir Aðalheiður.

Prjón og hekl hafa verið í tísku að undanförunum og hefur Aðalheiður ekki misst af þeirri tísku-bylgju. „Ég byrjaði að prjóna lopaherðasjöl í fyrriaugum. Dóttir mín bað mig um að prjóna sjal sem væri eins og efri partur af lopapeysu. Ég hef síðan prjónað þannig sjöl en breytt litunum og það hefur verið mjög vinsælt. Ég prjóna líka einlit sjöl sem ég bjó sjálf til uppskriftina að og þau hafa líka selst vel. Sjölin ná niður fyrir brjóst og eru voðalega hlý

og góð. Ég hef þau ekki síðari, nema þau séu sérstaklega pöntuð, því þá geta konur bæði notað þau innan undir úlpu og yfir jakka. Þau kosta fjögur þúsund krónur sem er ekki hátt tímakaup,“ segir Aðalheiður og hlær dátt og bætir við að hún taki glöð við hvers konar sérpöntunum.

Aðalheiður hefur aðeins verið að fitla við heklid en einbeitt sér helst að prjóninu. „Sólarhringurinn þyrfti eiginlega að vera lengri hjá mér. En mér finnst voðalega afslappandi og gaman að prjóna. Nema þegar ég sit lengi þá tekur aðeins í herðarnar,“ segir hún, en Aðalheiður er búin að vinna á skammtímaheimili fyrir fötluð börn í sautján ár þannig að prjónid er hlutastarf. „Ég vann alltaf á næturvöktunum og tók auðvitað í prjónana þá. Nú er ég hætt á vöktunum og farin að vinna í eldhúsinu þannig að ég prjóna bara þegar ég kem heim.“

lilja@frettabladid.is

HREYFI LAND

Ungbarnaleikfimi fyrir 3 mán - 12 mán
1 x í viku hefst 14. janúar
nánari upplýsingar og skráning
www.hreyfiland.is
Höfðabakka 9 sími:5772555 mottaka@hreyfiland.is

igma
vörslun

Útsalan hafin
40-70% afsláttur

Kleppmyrarveggi 8, 104 Rvk. (gegn Þónas Skótsvegi)
Opíð mán - föst frá 11-18 og laug 10-14, sími: 553-1144, www.igma.is

Gleraugnaverslunin Sjónarhóll

Líklega hlýlegasta og ódýrasta gleraugnaverslun norðan Alpafjalla

Reykjavíkurvegur 22, Hafnarfirði 565-5970
www.sjonarholl.is

Frumkvöðull að lækun gleraugnaverðs á Íslandi

Skósnillingurinn Manolo Blahnik

Margar konur kannast við „skóaráttuna“, þ.e. að eiga erfitt með að standast fallett skópar þó svo að heima sé troðfullur skápur af allskyns skóm sem enn eru í fullu gildi.

Þessar sömu konur kannast þá eflaust við spænska skóhönnuðinn Manolo Blahnik sem hlaut alþjóðaathygli þegar Carrie og vinkonur hennar í sjónvarpsþættinum „Sex and the City“ birtust á skjánum fyrir nokkrum árum. Carrie gekk nær undantekningarlaust í Blahnik skóm en skapari hennar, Sarah Jessica Parker, er sömuleiðis mikill áddáandi sem og margar stjörnur úti í hinum stóra heimi.

Manolo Blahnik á sér þó mun lengri sögu því árið 1973 opnaði hann sína fyrstu skóverslun í Chelsea hverfinu í London. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar, Blahnik á nú búðir um allan heim og ásamt því að hanna undir eigin nafni er hann einnig í samstarfi við stóra hönnuði eins og John Galliano og Michael Kors. Öll framleiðslan fer fram á Ítalíu og það sem fullkomnar hönnunina er að lokavinnslan er öll unnin í höndunum. Mikil natni er lögð í hvert einasta par svo að skórnir verða mjög persónulegir, efnin og leðrið er í hæsta gæðaflokki og kvenleikinn er í fyrirrúmi.



Skórnir hennar Carrie.



Áfengis-blettir úr fötum

Það er leiðinlegt að eyðileggja sparfötin í fjörinu.

Á áramótunum hafa margir vín við hönd og gleyma sér í gleði tímamótanna. Oft verða óhöpp og stundum hellist lítill vínsopi hér og þar á óæskilega staði. Leiðinlegast er að fá vínslettur í sparfötin en margt er hægt að gera til að losa blettina úr klæðnaðinum.

* Hreinsaðu eða settu flíkina í bleyti í volgu vatni. Þvoðu flíkina síðan eins og stendur á fataleiðbeiningunum.

* Fyrir hvít föt er gott að blanda einum parti af bletta-hreinsidufti við sex hluta af köldu vatni. Þetta er notað á efnið til að ná út eftirlifandi blettum.

* Fyrir lituð föt er hægt að taka sér svamp í hönd og nota hann á blettinn með lausn úr tveim matskeiðum af hvítu ediki og tveimur bollum af vatni.

Vert er að athuga að gott er að ná eins miklu úr og hægt er af blettum með því að þurrka þá með hreinum klút áður en svæðið er bleytt með vatni eða hreinsunarlausn. Annars munu blettirnir leysast upp og dreifa sér.



Core's Opnunartími
10-18
Laugard 10-16

Nýbýlavegi 12 • 200 Kópavogi • Sími 554 4443

ÚTSALAN

Hefst í dag kl. 10:00

30-50% Afsláttur

Opið til 21:00 í Kringlunni



herrar:

Diesel	gallabuxur	5.990
4 You	jakkaftöt	15.990
4 You	skyrtur	1.990
Energie	bolir	-30%
Diesel	skór	4.990
Mao	bolir	990
4 You	gallabuxur	3.990
Diesel	bolir	-30%

dömur:

Diesel	buxur	frá: 4.990
Diesel	bolir	frá: -30%
Laura Aime	bolir	frá: 990
Mia	bolir	frá: 990
Mia	úlpur	4.990
Studio NY	jakkar	frá: 5.990
Diesel	skór	frá: 3.990
Kookaï		frá: -40%

galleri sautján

kringlunni s.568 9017 - laugavegi s.511 1717 - www.ntc.is



ÚTSALA

HEFST Í DAG

DIESEL	buxur	5.990
EXTRA	bolir	1.500
DIESEL	bolir	afsl. 30-40%
MIA	úlpur	3.990
X-18	skór	2.990
DIESEL	skór	3.990
BARNA DIESEL	afsl.	-40%

sautján

j e a n s

LAUGAVEGI 89 - S. 512 1710 - www.ntc.is

focus
ÚTSALA

allt að
70%
afsláttur



BRONX dömu
svart, rautt
~~12.990~~ - **5.990**



X-TRAVA.. dömu
bein-hvít, svart
~~5.990~~ - **2.990**



CONVERSE leður
svart, rautt, brúnt
~~11.990~~ - **7.990**



SKECHERS dömu
hvít
~~7.990~~ - **2.990**



WUMM dömu
svart, brúnt
~~11.990~~ - **5.990**



Diesel herra
svart, dökk grænn
~~9.990~~ - **5.990**



CAMPER herra
svart, brúnt, beige
~~12.990~~ - **6.990**



BASE herra
brúnt, svart
~~11.990~~ - **6.990**

opið til kl.21



S. 512 1733

Gleraugnaverslunin Sjónarhóll

Líklega hlýlegasta og ódýrasta gleraugnaverslun norðan Alpafjalla

Reykjavíkurvegur 22, Hafnarfirði 565-5970
www.sjonarholl.is

Frumkvöðull að lækun gleraugnaverds á Íslandi

SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR

Hjálpá þér að halda öllu í skorðum í skúffum. Eining sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett. Við eigum líka fægilög, fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.

SENDUM Í PÓSTRÖFU.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

apriori

ÚTSALA

Castrum
tískuverslun
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077



Brúnn trefill kr. 4.900 - Hneppt peysa kr. 20.900 - Belti kr. 5.900 - Bleikt píls kr. 49.900 - Bleik taska kr. 29.900



Svartur toppur kr. 27.900 - Silfursilkí-elmar kr. 23.900 - Silfursilkípils kr. 54.000 - Belti kr. 5.900

Spaksmannsspjarir

Ull í bland við flauel og silki.

Íslensk tískuhönnun er alltaf að sækja í sig veðrið. Vala og Björg í Spaksmannsspjörum eru þeir hönnuðir sem hafa hvað lengst tekið þátt í þessari þróun en þær hafa rekið fyrirtæki sitt frá árinu 1992.

Þær byrjuðu með litla verslun á Skólavörðustígnum í félagi við þriðja hönnuðinn sem sneri sér svo að öðrum störfum meðan Vala og Björg héldu ótrauðar áfram, færðu sig yfir á Þingholtsstrætið og síðar í Bankastrætið.

Í ár einkennist fatalínan hjá Björgu og Völu mikið af íslensku ullinni. Peysur, kragar, vesti og treflar eru áberandi og það er gaman að sjá hversu vel þær stöllur tvinna ullinni saman við mjúk og fínleg efni eins og flauel og silki.

Náttúruvefni eru ráðandi í framleiðslunni hjá Spaksmannsspjörum. Ullina, æðardúninn og skinnin fá þær hérlendis en flest önnur efni kaupa þær frá Ítalíu og Frakklandi.

Nýlega var tekin upp splunkuný lína, svartar, víðar buxur og jakkar; silfurslegið silki og doppóttir smátóppar setja svip á búðina ásamt góðu úrvali af fylgihlutum. ■



Þrjónakragi kr. 4.900 - Grænt vesti kr. 28.900 - Grænar buxur kr. 45.900 - Belti kr. 5.900

Lil' Kim með línu

Tónlistarkonan hefur tjáð tískuást sína í tónlist sinni en snýr sér nú að fatahönnun.

Enn ein stjarnan hefur ákveðið að snúa sér að fatahönnun og það er engin önnur en tónlistarkonan Lil' Kim. Fatalína Lil' Kim hefur hlotið heitið Hollywood og kemur í verslanir vestan hafs næsta haust. Lil' Kim hannar sjálf toppa, gallaföt og frjálselegan fatnað en hún hefur fram til þessa fremur verið þekkt fyrir fáránlegan klæðaburð.

Að sögn listakonunnar er fatalínan fyrir þá sem trúa á heimspeki hennar en hún trúir því að engar reglur séu til varðandi tísku og fólk eigi að klæða sig þannig að því líði vel. ■



Lee Stafford
Heildarlausn fyrir hárið


HAFÐU HÁRJD EINS OG ÞÚ VILT - ALLTAF!

fyrir stráka og stelpur

Útdelstaðir Lee Stafford: Lyf og heilsa um allt land, Hagkaup Smáralind, Garðapótek, Hringrauterepótek, Laugarnesapótek, Lyfjaval, Flímaepótek, Apótek Ólafsvíkur, Apótek Vestmannaeyja, Dalakjör, Kaupfélag Skagfirðinga og Siglufjarðarepótek.

F2

9. TBL. 2. ÁRG. 6. 1. 2005



Ólafur Egill

Slær í gegn fyrir norðan

**Íslenskur hreindýra-
smali í Noregi**

Smári - einn af 200 bestu auglýsingaljósmyndurum heims ■ Göturnar í lífi Péturs Gauts málara ■ Japanskir grillpinnar
■ Matgæðingurinn Eyjólfur Kristjánsson ■ Það sem er að gerast um helgina ■ Böddi klippari ■ Súr bolahúmor

Frábært verð!

28"

Verð áður 28.995

25.995

CTV-2834KTNB
28" sjónvarp. Ísl. textavarp. 2 Euro scart tengi. Heyrnatólatengi. Allar aðgerðir á skjá. Fullkomin fjarstýring.

ÚTSA

25% afsláttur

20"

Verð áður 16.995

18% afsláttur

13.995

ELFUNK 2009
20" sjónvarp með textavarp. Scart tengi. Allar aðgerðir á skjá. Fullkomin fjarstýring.

25% afsláttur

5.995

Verð áður 7.995

PCD-910PLLMP
MP-3 ferðageislaspilar með útvarpi og hristivörn

ELFUNK LT17DEP
17" LCD sjónvarp með textavarp. Scart tengi. S-Video tengi. Allar aðgerðir á skjá. Upplausn 1280X768. Fullkomin fjarstýring.

Verð áður 89.995

30.000 afsláttur

17" LCD

59.995

23% afsláttur

9.995

Verð áður 12.995

SCOTT ARX88
CD bíltæki / útvarp Spilar MP-3

25% afsláttur

2.995

Verð áður 3.995

TVM5003
5" svart/hvítt sjónvarp

23% afsláttur

9.995

Verð áður 12.995

70044
2000 watta ryksuga

36% afsláttur

15.995

Verð áður 24.995

ELTAX Stargate X.1
Heimabíó hátalarar

40% afsláttur

2.995

Verð áður 4.995

DVR-220
Stafrænn diktafónn með 220 mínútna upptöku.

33% afsláttur

1.995

Verð áður 2.995

44701
Grill og samlokugrill

30% afsláttur

6.995

Verð áður 9.995

ZX-T30F
Hljómtæki með geislaspilara, útvarpi og viðarhátölurum.

20% afsláttur

3.995

Verð áður 4.995

47003
Espresso kaffivél með mjólkurfreyðara.

25% afsláttur

5.995

Verð áður 7.995

47004
Tvöföld kaffivél. Espresso og venjulgt. Mjólkurfreyðari

34% afsláttur

400 wött RMS

45.995

Verð áður 69.995

AV-JX5
Magnari 400 wött RMS. Dolby Digital / DTS. AV tengi að framan. KARAOKE kerfi. Tengir fyrir 2 hljóðnema. Stafrænt RDS útvarp.

20% afsláttur

7.995

Verð áður 9.995

MWO2390GD
23 lítra örbylgjuofn með grilli. Stafrænn 900/1000 wött

ALLA

44% afsláttur

8.995

Verð áður 15.995
XP-ER800R
 Ferðageislaspilari með útvarpi og hristivörn

69% afsláttur

3.995

Verð áður 12.995
MP-CD300
 MP-3 ferðageislaspilari

35% afsláttur

1.295

Verð áður 1.995
44480 Samlokugrill

33% afsláttur

1.995

Verð áður 2.995
73105
 600 watta handdryksuga

17% afsláttur

4.995

48565
 Blandari úr stáli. 3lerkanna
 Verð áður 5.995

22% afsláttur

6.995

46700
 Ferðaísskápur sem gengur fyrir 12 og 220 voltum. Verð áður 8.995

100.000 afsláttur

42" Plasma

249.995

Verð áður 349.995

ELFUNK LT-4205
 42" Plasma sjónvarp. **SKERPA 3000:1**
 Nicam stereo. 4 scart tengi. AV tengi að framan og aftan.
 Mynd í mynd 2 tunerar. Kyrrmynd. Zoom.

80.000 afsláttur

27" LCD

119.995

Verð áður 199.995

ELFUNK LT-27
 27" LCD sjónvarp.
 Breiðtjaldssjónvarp.
 Upplausn 1280X768. Nicam stereo. AV inngangur.
 PC inngangur. 2 scart tengi. S-Video. Heyrnatólatengi.

14"

9.995

Komin aftur
ELFUNK 1433 14" sjónvarp
 með textavarpi.

20.000 afsláttur

20" LCD

69.995

Verð áður 89.995

ELFUNK LT-2001
 20" LCD sjónvarp.
 Upplausn 1280X768.
 Nicam stereo. AV inngangur.
 PC inngangur. 2 scart tengi.
 S-Video. Heyrnatólatengi.
 Gengur fyrir 12 og 200 Voltum.

Þessi spilar allt

38% afsláttur

4.995

Verð áður 7.995

DVS-550 DVD spilar sem spilar öll svæði. Spilar: DVD/VCD/SVCD
 DVD+RW/DVD+R/DVD-R/DVD-R/JPG/MP-3/KODAK diska.Dolby Digital.

www.radio.is

RADIÓBÆR

ÁRMÚLA 38 • SÍMI 553 1133

Petta og margt fleira

06 Göturarnir í lífi Péturs Gauts list-málara

08 Góð ráð til að sigra útsölnurnar

10 VIDTAL

Líttlátur en lofi hlaðinn

Kristján J. Kristjánsson ræðir við Ólaf Egil Egilsson leikara sem brillerar í söngleiknum Óliver Twist

12 VIDTAL

Kúreki norðursins



Vilhjálmur Björn Sveinsson hreindýrasmali í Norður-Noregi segir Frey Gígju frá ævintýrum sínum

14 Japanskir grillpinnar og matgæðingurinn Eyjólfur Kristjánsson útgáfustjóri Vöku-Helgafells

16 3 dagar: Það helsta sem er á seyði um helgina

18 Bolir með hómur - Böddi klippari

F2 er vikurit sem fylgir Fréttablaðinu á fimmtudögum.

Útgefandi
Frétt hf.

Ritstjórn
Jón Kaldal

Höfundar efnis í þessu hefti
Borghildur Gunnarsdóttir, Frey Gígja Gunnarsson, Kristján J. Kristjánsson, Marta María Jónasdóttir,

Ritstjórn, auglýsingar og dreifing
Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík
Aðalsími: 550 5000
Netfang: f2@frettabladid.is

Auglýsingar Auglýsingadeild Fréttablaðsins, Jón Laufdal, Einar Logi Vignisson, Ólafur Brynjólfsson.

Forsíðan Ólafur Egill Egilsson leikari sjá viðtal bls. 10
Ljósmynd: Teitur Jónasson

Viðhaldsfrítt skiltakerfi fyrir fjölbýlishús

Breytingar prentaðar á vinnulegan prentara!



BJÓÐUM EINNIG:
• Sandblástursfilmu
• Bilamerkingar
• Varúðar- og bannmiða

MERKISMENN Skiltagero

Ármúla 36 • Sími: 544 2030

Starfsmenn Fróða látnir stinga upp á nýjum framkvæmdastjóra:

Sigurður G. eða Þórólfur?

Það gæstar um tímaritaútgáfuna Fróða. Í síðustu viku var Knúti Signarssyni framkvæmdastjóra fyrirtækisins sagt upp störfum eftir að ljóst var að Fróði hafði ekki skilað nægilegum hagnaði að mati stjórnar fyrirtækisins. Knútur var búinn að starfa hjá móðurfyrirtæki Fróða, Odda, í tvo áratugi en hann tók við starfinu hjá Fróða síðasta sumar. Þetta var mikið áfall fyrir starfsfólk Fróða enda Knútur ákaflega vel liðinn meðal þess. Stjórn Fróða leitar nú logandi ljósi að nýjum framkvæmdastjóra en á meðan stýrir Páll Gíslason, stjórnarformaður Fróða, fyrirtækinu. Í vik-



unni var haldinn starfsmannafundur þar sem greint var frá stöðu fyrirtækisins. Þar kom fram að Oddi vildi í raun ekki eiga Fróða og fyrirtækið væri falt fyrir rétt verð. Á fundinum kom einnig fram að skuldunum hefði verið reddað. Fróði fékk nýja kennitölu og nýtt nafn á dögnum og heitir nú Timaritaútgáfan Fróði. Gamli Fróði skipti hins vegar um nafn og heitir nú Hugi, en það félag hefur verið úrskurðað gjaldþrota. Í lok fundarinnar var starfsfólki boðið að stinga upp á nýjum framkvæmdastjóra. Ekki stóð á svörum og



rétti fólk upp hönd og stakk upp á ýmsum merkismönnum. Sumir vildu Sigurð G. Guðjónsson fyrrum forstjóra Norðurljósa meðan aðrir stungu upp á Þórólfi Árnasyni fyrrum borgarsstjóra.

Áð sögn Páls Gíslasonar komu ekki fleiri nöfn upp á fundinum og hefur hvorki verið rætt við Þórólfi né Sigurð.



Hermann Smári er einn af 200 bestu ljósmyndurum heims:

Teppaherferð kom honum á heimskortið

Á dögnum kom út bókinn *200 Best Ad Photographers Worldwide* sem gefin er út af Lürzer's Archive í Þýskalandi. Eins og nafnið gefur til kynna er um að ræða 200 bestu ljósmyndara heims og í þeim hópi eigum við Íslendingar einn fulltrúa, Hermann Smára Ásmundsson, sem hefur verið búsettur í Boston síðastliðin fjögur og hálf ár og rekið þar eigið ljósmyndaframtækni.

Hermann Smári lærði ljósmyndun í Santa Barbara og eftir að hann útskrifaðist starfaði hann í fimm ár hjá öðrum ljósmyndurum og aflaði sér viðtækrar reynslu áður en hann hóf eigin rekstur.

Í *200 Best Ad Photographers Worldwide* eru myndir úr herferð sem Hermann Smári myndaði fyrir teppadeild fyrirtækisins BASF þar sem lögð er áhersla á náttúruleg efni. Ísland varð fyrir valinu þegar tókustaður var valinn.

„Mér finnst ég gríðarlega heppinn að hafa komist í þessa bók. Ég hef reyndar fengið viðurkenningu í Bandaríkjunum en það er gaman að fá viðurkenningu á Evrópumarkaðnum. Skemmtilegast fannst mér þó að herferðin var mynduð á Íslandi en ég er alltaf að reyna að kynna landið eins mikið og ég get,“ segir Smári. Myndirnar sem hann fékk viðurkenningu fyrir eru allar landslagsmyndir en herferðin var ætluð Bandaríkjamarkaði. Hann myndar þó ekki bara teppi út í eitt því hann hefur tekið mikið af myndum fyrir bílafyrirtæki eins og Lexus, Volkswagen og Land Rover. Hann segist þó alls ekki vera með neina bíladellu.

„Ég er miklu meiri útivistarkarl og það var fyrir algera slysi að ég fór að mynda svona mikið fyrir bílafyrirtæki,“ segir Smári. Þó hann hafi fasta búsetu í Boston er hann sjaldnast í verkefnum þar því hann er alltaf á flakki.



Ein af myndum Hermanns Smára sem tryggðu honum tilnefningu í hóp bestu auglýsingaljósmyndara heims. Myndin er úr auglýsingaherferð fyrir fyrirtækið BASF og var mynduð hér á landi.

„Bandaríkjamarkaður er allt annað dæmi en Ísland því þar er markaðurinn svo miklu stærri. Þarna úti get ég sérhæft mig miklu meira en ég hefði getað gert hér heima. Ég kem samt alltaf reglulega til Íslands því hér liður mér vel. Það er alltaf jafn gaman að koma heim.“ Hann segir ljósmyndunina alltaf vera jafn spennandi starf. „Mér finnst flakkið sem fylgir starfinu mjög skemmtilegt og svo er ég alltaf að kynna nýju fólk. Það eru alltaf einhver vandamál sem koma upp á sem maður þarf að leysa sem gerir starfið ögrandi um leið. Svo er það ósköp góð tilfinning að sjá myndirnar sínar á síðum tímaritanna.“



Hermann Smári Ásmundsson ljósmyndari



Forsíðan af bókinni 200 Best Ad Photographers Worldwide

F2 velur

Morgunverkin: Reyna vera svolítið árrisul og ekki með allt á hælunum svona í byrjun dags. Hella upp á með kaffi frá Te og kaffi, hlusta á morgunútarvarpsþættina og vera fær í flestan sjó þegar mætt er í vinnuna.

Bókin: Til hinstu stundar er mögnuð frásögn Traudl Junge af árum sínum sem einkaritari Adolfs Hitler og þá er sérstaklega frásögnin af síðustu dögnum í byrginu í Berlín ótrúleg.

Geisladiskurinn: Nú þegar jólapoppflóðinu er lokið er hægt að snúa sér að alvörtónlist. Ladies Sing Jazz er meðal

annars með Ellu Fitzgerald, Söruh Vaughan og Billie Holiday. Sígild tónlist sem hægt er að setja á við öll tækifæri.

Drykkur: Trönuberjasafti er víst vatnslosandi og mjög hreinsandi. Hann er því tilvalinn drykkur eftir allan matinn um hátíðarnar.

Útiveran: Það er frí í enska boltanum um helgina, þannig að aðdáendur hans ættu að bæta upp fyrir marþonið yfir hátíðirnar með góðum göngutúr í Öskjuhlíð og bjóða upp á heitt kakó og með því í

Perlunni.

Sjónvarpið: Njála en þátturinn var valinn sá

besti á Eddu-hátíðinni nýverið. Er sýndur í sjónvarpi allra landsmanna á sunnudaginn klukkan 20.00.

Kvikmyndin: Kvikmyndin Alfie, um kvennabóssann ógurlega, verður frumsýnd föstudaginn sjöunda janúar. Þetta er endurgerð myndar frá 1966 sem skartaði Michael Caine, en er nú með engum öðrum en Jude Law, sem ætti að kæta kvenþjóðina. Strákarnir ættu síðan að geta lært brögðin af meistaranum.

Góðverkið: Það er hægt að fara með allar flöskurnar sem söfnuðust fyrir heima um áramótin í endurvinnslu og gefa síðan allan ágóðann til styrktar

hrjáðum fórnalömbum jarðskjálftans í Asíu.

Myndbandið: The Eternal Sunshine of a Spotless Mind var mynd sem ekki fór mikið fyrir í bióhúsum. Handritið að henni er meðal annars skrifað af Charlie Kaufmann, hinum sama og skrifaði handritin að Adaptation og Being John Malkovich. Í aðalhlutverkum eru Jim Carrey og Kate Winslet. Mögnuð mynd sem lætur engan ósnortinn.

Skyndibiti: Niðurskornir ávextir kann að hjóma sem leiðinlegur skyndibiti, en ef valið er rétt, þá er þetta ótrúlega góður og hollur matur.



ÚTSALA



- Stærsta raftækjaverslun landsins -
expert

Skútuvogi 2 • sími: 522 9000 • www.expert.is



ALLT AÐ

80%

AFSLÁTTUR

SKÚTUVOGI 2



Kossar og bassinn

Karl Ingi Karlsson, söngvari í Dáðadrengrum, og **Guðrún Heiður Ísaksdóttir**, bassaleikari í Mammút, völdu sér þrjá ómissandi hluti.



Karl Ingi Karlsson er einn af þremur söngvurum í hljómsveitinni Dáðadrengrir. Þeir eru þessa dagana að setja saman plötu sem hann segir að eigi eftir að springa í andlitid á öllum á næsta ári. „Platan verður mesta spark í andlitid sem fólk hefur upplifad! Við munum ekki senda út neitt hálfklárað efni.“ Karl valdi þrjá ómissandi hluti.

Nintendo Ég vel Nintendo-tölvuna vegna þess að hún er hlutur sem markar mína kynslóð. Hún er óþrjótandi lind ævintýra og þeirri þrjá að vera ungur aftur. Uppáhaldsleikurinn minn er Super Mario 3.



Trommusóló Af því

ad þau eru tákni fyrir rokk og ról. Þetta er ákveðið karlmennskutákni án þess að vera karlrembutákni. Svo eru þau líka geðveikt kúl. Ég tromma stundum en er samt ekkert spes trommuleikari. Mér finnst ég sjaldan vera jafn mikil og góð manneskja og þegar ég tek trommusóló. Það verða allir að prófa þetta til þess að komast í snertingu við sjálfan sig.

Kossar Ég veit ekki hvernig ég á að útskýra af hverju kossar eru mér ómissandi. Ef fólk sem les þetta er ekki sammála mér um að kossar séu mikilvægir þá veit ég ekki hvað ég á að segja til þess að sannfæra það. Það væri mér óskiljanlegt.



Guðrún Heiður Ísaksdóttir er bassaleikari hljómsveitarinnar Mammút. Þau stefna að því að taka upp plötu í febrúar og eru núna á fullu að æfa og semja ný lög. „Við viljum koma með þétt prógram árið 2005. Á milli þess



sem ég æfi með hljómsveitinni er ég á kaffihúsum með vinum mínum.“ **Bassinn minn** veitir mér andlega ánægju. Ég túlka tilfinningar mínar mikið í gegnum hann hvort sem ég er að spila með Mammút eða ein inni í herbergi. Mér finnst svolitid eins og hann skilji mig.



Ljósmyndirnar mínar eru mikilvægar því þær eru af fólki sem mér þykir vænt um. Ég er með fullt af myndum uppi á vegg úti um allt af fólki sem ég elska. Mér finnst gaman að horfa á þær og sjá hvað ég er heppin að hafa svona mikið af góðu fólki í kringum mig.

Geisladiskarnir mínir Ég hlusta á tónlist á hverjum einasta degi og gæti



Íslenskur húmor birtist ekki eingöngu í kvikmyndum, bókum eða tónlist heldur einnig á bolum. Svo virðist sem bola-æði hafi gripið landann og nú er í tísku að ganga í flottum bolum með einhverri skemmtilegri mynd eða fyrir-sögn.

Að sögn Þórdísar Classen, einn eiganda bolabúðarinnar Ósoma, voru þeir sem keyptu á öllum aldri og virtust gjafirnar vera handa öllum aldurs-hópum. Staðbundinn íslenskur húmor virðist því fara vel í landann. „Þetta er svona sigildur íslenskur húmor,“ segir hún.

Þannig voru bolir þar sem á stóð *Farðu í Rassgat* og *Afsakið blé* mjög vinsælir meðal Íslendinga. Þá var kindin, sem er vörumerki búðarinnar, einnig mjög vinsæl. „Bolur sem sýndi tvær kindur í samförum seldist mjög vel og hljómsveitarbolirnir ruku líka út.“ Útlendingar keyptu mikið bolinn *Be Kind* sem þeir lásu sem „Vertu góður“ en var upphaflega hugsaður sem „Vertu Kind“.

Stefán Valberg, eigandi verslunarinnar Dogma, sagði íslensku bolina



Ég þekki Ásgeir Kolbeins
Svo virðist sem margir þekki sjónvarps-
manninn Ásgeir Kolbeins

alltaf vekja mestu eftirtektina og umtal. „Það er erfitt að benda á einhvern einn vinsælan bol, en íslensku bolirnir seldust mjög vel, *Ég þekki Ásgeir Kolbeins*, *Ég deita bara módel* og *Kæran mín er módel* voru mjög vinsælir ásamt *Eign þvottabúss Ríkisspítalanna*.“

Böddi á Solid var keyptur til Prag til að klippa starfsfólk Vero Moda: Með 50 hárliti að vopni

Hárgreiðslumaðurinn Böddvar Eggertsson á Solid, eða Böddi eins og hann er kallaður, flaug á vit ævintýrana í vikunni. Ferðinni var heitið til Prag í Tékklandi þar sem hann mun hafa hendur í hári yfir 20 yngismeyja. Stelpurnar starfa allar hjá Vero Moda þar í borg og að sögn Bödda eru þær til í allt hvað hárið varðar.

Það var kominn gríðarlegur ferðahugur í Bödda þegar F2 heyrði í honum áður en hann hélt af landi brott. Þótt hann verði bara í fimm daga í Prag var hann með mikinn farangur enda með stútfullar töskur af hárlitum, skærum og öllu tilheyrandi.

„Það gengur víst ekki að lita allar stelpurnar með sama hárlitnum þess vegna þarf ég að hafa flestalla liti meðferðis. Ég er samt nett stressaður að verða tekinn í tollinum með allt þetta dót og þarf að finna einhverja leið til að tilkynna hvað ég er að fara að gera,“ segir Böddi. Spurður um ástæðu ferðarinnar segir hann að eigandi Vero Moda í Prag sé íslensk og komi reglulega í klippingu til hans.

„Þegar hún orðaði þetta við mig í upphafi hélt ég að þetta væri eitthvert grín en ákvað að sjálfsgöðu að slá til þegar ég sá að henni var alvara,“ segir Böddi. En koma hans mun vera jólagjöf eiganda Vero Moda til starfsfólksins og eru eigendur fyrirtækisins búnir að fá leigða hárgreiðslustofu svo öll vinnuástaða sé til fyrirmyndar. Fyrstu tveir dagar ferðarinnar fara í að gera starfsfólkið upp með flottri klippingu og lit, en svo verður Böddi tekinn í óvissuferð ásamt kærustunni Hörpu.

„Við fáum ekkert að vita nema það að við munum gista í íbúð í miðborginni og farið verður með okkur á flotta veitinga- og skemmtistaði um helgina.“

Eftir á í tiskunni

„Ég hef heyrt að hártiskan í Prag sé töluvert eftirá miðað við hér heima. Ég er voðalega spennur að hitta allar þessar stelpur því ég er búinn að heyra að þær séu opnar fyrir öllu og spennar fyrir breytingum. Það eru reyndar tvær eða þrjár með skilaboð frá kærastunum að þær megi alls ekki láta breyta hárinu mikið,“ segir Böddi hlæjandi og heldur áfram.

„Maður heyrir þetta stundum hérna heima að kærastarnir ráði en það er þó í minnihluta. Það er aðallega ef stelpurnar eru með mjög sitt hár, þá vilja kærastarnir alls ekki að þær



Böddi hlakkar til að taka starfsstúlkur Vero Moda alveg í gegn því hann veit að hann hefur töluvert frjálsar hendur.

klippi sig,“ segir hann. Spurður um það heitasta í hártiskunni segir hann að stytur hafi sjaldan verið vinsælli.

„Það eru ofboðslega miklar stytur í síða hárinu núna. Mér finnst maður alltaf vera að tala um þessa 80's tísku en sannleikurinn er sá að hún er alveg í hámarki núna. Hvað klippilínur varðar er toppurinn stuttur en mjög þungur. Margir eru með toppa alveg frá hvirfli og fram að enni. Fyrir þær stelpur sem eru með líði er um að gera að ýkja þá aðeins.“ Böddi segir að það sé fátt sem ber að varast í hártiskunni nema kannski permanett.

„Það má alls ekki setja permanett í aflitað hár en stelpum hættir til að biðja

um það. Þær sjá flottar auglýsingamyndir í tiskublöðunum þar sem krullur eru allsráðandi en málið er að í fæstum tilfellum er um permanett að ræða. Í 95% tilvika eru fyrirsætunarnar með líðað hár sem er búið að ýkja eða hár sem er krullað með krullujárnnum eða rúllum. Hárið fer í flestum tilfellum mjög illa á þessum sterku efnunum sem eru í permanetti og ég tala nú ekki um þegar það er sett í litad hár. Tiskan er að öðru leyti mjög skemmtileg og mér finnst flestir vera óhræddir við að prófa eitthvað nýtt,“ segir Böddi sem beið spennur eftir að komast upp í flugvél á vit ævintýrana, enda aldrei komið áður til Prag.

-MMJ

Fröken Freyja leysir vandann

Góður hugur – hörmuleg gjöf Tengdamamma fór nýlega á leirlistanámsskeið og ákvað að leysa helstu jólagjafirnar þetta árið með því að búa þær til sjálf. Hún gaf okkur veggplatta sem hún hafði augljóslega lagt mikla vinnu í en því miður er hann alveg foráttu ljótur. Konan mín vill samt endilega hengja hann upp á vegg og segir að við eigum að meta hugarfarið að baki gjöfinni. Ég afber hins vegar ekki einu sinni þá tilhugsun að hafa plattaskrattann fyrir augunum um ókomna framtíð. Hvað er til ráða?

GM, Reykjavík

Nei, fjadakornið! Hvað gengur að fólki þegar kemur að jólagjöfum nú-orðið?! Allir þykjast geta orðið listamenn án þess að eiga nokkurt erindi í þann geira. Það er vitaskuld voðalegt að koma fólki í þessa aðstöðu. Það er heppilegt að platti er diskлага og þú getir hæglega stungið upp á augljósu

notagildi hans sem kökudisks eða öskubakka og geymt hann undir því yfirvarpi bakvið luktar dyr eldhússkápanna. En ekki örventa ef betri helmingurinn kaupir ekki þá hugmynd. Slysinn gera ekki boð á undan sér. Með hamarinn á lofti, tilbúinn að festa plattann á besta stað í stofunni getur þú „misst“ hroðann í gólfid og þá er málið afgreitt með einu „fyrirgefðu“.

Þrautseigur vonbiðill

Ég á í miklum vanda með einn vinnufélag minn. Þetta er nokkuð skemmtilegur gaur og ekki ómyndarlegur. Vandamálið er hins vegar að ég hef ekki áhuga á honum og hann virðist alls ekki skilja það. Þetta var bara skemmtilegt þar til hann fór að senda mér sms og tölvupósta með mjög nærgöngulum myndum af sjálfum sér sem hann tekur með GSM símanum sínum. Ég er eiginlega í öngum mínum.

BLG, Kópavogi

Þetta er greinilega sérstaklega hress náungi og myndasendingarnar sýna að ekki vantar sjálfstraustið hjá honum. Ég er hins vegar viss um að þær sendingar myndu snarhætta af þú tækir þig til og svaraðir einum myndapóstinum með því að ýta óvart á allir@vinnustaðurinnþinn.is og leyfðir myndunum að fara með tölvupóstinum til baka. Þannig gætir þú jafnvel losnað við hann af vinnustaðnum líka og fyrir fullt og allt úr lífi þínu.



Sendið fyrirspurnir og vandamál til fröken Freyju, F2, Skaftahlíð 24, 105 Rvk eða sendið henni tölvupóst á netfangið frkfreyja@frettabladid.is. Nöfn sendenda verða ekki gefin upp í blaðinu.

Sýning annað kvöld!

Níttjánhundruð

– kaffileikhús á Smíðaverkstæðinu!

Upplýsingar og miðasala: Sími: 551 1200
midasala@leikhusid.is www.leikhusid.is

WJÓÐLEIKHÚSÍÐ

ÚTSALAN

ER HAFIN Í HOLE IN ONE

15% - 70%
AFSLÁTTUR



Fatnaður 30% - 50% - 70% afsláttur

Skór allt að 60% afsláttur

Hálft golfsett með standpoka á 9.900,-

Golfkerrur frá 1.990,-

Þríhjulakerrur frá 3.900,-

Golfsett allt að 50% afsláttur


Barnakylfur frá 990,-

og fleira og fleira

Löng opnunarhelgi: laugardag 10-18, sunnudag 12-16



Hole in One
G O L F V E R S L U N



Líkamsrækt

www.jsb.is

Gleðilegt ár Þinn tími er kominn!

Dansrækt JSB er staður fyrir konur á öllum aldri.
Fjölbreyttir tímar eru í boði:

JSB 1:

Alhliða líkamspjálfun. Jöfn áhersla á þol-, styrktar- og liðleikþjálfun.

JSB 2:

Alhliða líkamspjálfun. Fyrir vanar konur.

JSB 3:

Pallatími. Áhersla á þolþjálfun.

JSB 4:

Styrktarþjálfun. Unnið með þyngd s.s. lóð, stangir og teygjur.

JSB 5:

Liðleikþjálfun.

Hatha Yoga:

Opnir yogatímar.

Suðræn sveifla:

Salsa og suðræn stemning, sjóðheitir tímar!

Sjá nánari upplýsingar á www.jsb.is

Janúartilboð:

30% afsláttur af 3ja mánaða kortum

Vertu velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT

JSB

leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732

Rauðvínssölu hætt á Íslandi!

UMRÆÐAN
VÍNMENTING
Á ÍSLANDI



R. FREYR RÚNARSSON
SAMEINDALÍFRÆÐINGUR

Þetta er fyrirsögn sem myndi fá margan sælkerann til að súpa hveljur. Hvað myndum við gera hér á landi ef ÁTVR myndi taka þá ákvörðun að hætta sölu á rauðvíni og selja aðeins hvítvín? Við vitum flest að rautt og hvítt í þessu samhengi er álíka ólíkt og svart og hvítt en færri spá í muninum á lager bjór

og öli (ale) sem er þó álíka afgerandi. Sem betur fer er fyrirsögnin uppspuni en hins vegar eru sambærilegir atburðir að gerast í heimi bjórsins.

Ég hef lengi verið fyrir bjórinn gefinn og hef lagt stund á bjórsmökkun nú um þó nokkurt skeið (sjá www.bjorbok.net) Bjórsmökkun mín hófst frekar rólega þar sem úrvalið var ekkert til að hrópa húrra fyrir. Ekki leið á löngu uns ég hafði smakkað allan þann bjór sem í boði var og það rann upp fyrir mér hversu lélegt úrval bjórs var á Íslandi, það vantaði nánast allt öl. Að vísu er stutt síðan við Íslendingar máttum hreinlega ekki versla bjór í heimahögunum og erum við því ung bjórdrykkjubjóð. Hingað til

höfum við því haft afsökun fyrir lélegu úrvali. Þróunin lofaði góðu í upphafi og við höfum orðið vitni að komu öls m.a. frá Belgíu eins og Duvel, Chimay, o.fl. Þetta eru allt bjórar á heimsmeiklarða og framtíðin virtist því björt, en Adam var ekki lengi í paradís því í dag hefur markaðurinn og íslensk bjórmennning orðið fyrir miklu áfalli. Fréttir um að Chimay, Hoegaarden, Orval, Westmalle og sjálfur konungurinn Duvel séu dottirnir út af markaði koma eins og blaut tuska framan í andlit okkar björgæðinga og maður skilur ekki hvað er að gerast. eru Íslendingar einfaldlega bara þröngsýnir og íhaldssamir og vilja bara sama gamla lagerinn til að drekka frá sér allt vit um helgar, eða má

kenna um fáfræði, skorti á upplýsingum og ótrúlega háu verðlagi? Íslendingar hafa gaman að því að pæla í rauðvíni, koníaki og öðru víni þannig að við virðumst hafa þetta í okkur, við erum ekki lengur einhverjir ófágaðir sveitalubbar borðandi úldinn þorramat í torfkofunum okkar.

Vandinn liggur í áfengislögunum og ÁTVR sem hefur einkaleyfi á smásölu áfengis og stjórna því hvaða áfengi við Íslendingar getum notið sem og verðlagi. Í dag er nánast ómögulegt að koma með nýjan bjór á markað því áður en hann kemst í fasta sölu þarf að seljast ákveðið magn af honum í reynslu-sölu. En til að vara seljist þarf neytandinn svo að vita um tilvist hennar

og til þess að gera það þarf að auglýsa hana sem aftur er ólöglegt á Íslandi. Þetta er því óttalegur vitarhringur. Enn fremur er álagning á bjór ótrúleg og við getum státað af dýrasta bjór veraldar. Ný vara eins og hágæða bjór kemur því í reynslu-sölu án þess að nokkur viti af henni og þeir fáu sem uppgötva hana fyrir tilviljun þurfa að punga út formúrum til þess að njóta hennar. Buddan leyfir einfaldlega ekki tilraunir með „skritinn“ bjór. Það er kominn tími til að gefa léttvín frjálst og auka þannig samkeppni, lækka verð og ná bjórmennningunni upp á svipuð plön og víðast hvar í heiminum í kringum okkur. Það eru lágmarks mannréttindi að fá að njóta bjórs, eins elsta og merkasta drykk mannkyns. ■



Óvenjulegt atvik

Mig langar hins vegar til að segja frá því eina óvenjulega sem gerðist um áramótin: Þegar ég var að moka stéttina á gamlársdag heyrði ég háan hvell sem var þó líkari þyt en sprengingu, horfði á eitthvað sem líktist ryki þyrlast upp og síðan skalf ljósastaurinn í langan tíma. Í eitt andartak tengdi ég þetta við flugelda sem höfðu sprungið af og til allan daginn en svo rann upp fyrir mér að það gat ekki staðist. Ég gekk að ljósastaurnum og þarna lá grágæs í roti. Hún hafði einfaldlega flogið á straurinn. Kloufugl. Ég hef af eðlilegum ástæðum samúð með fýsiskum kloufaskap. Eftir dálitla stund rankaði hún úr rotinu, stóð upp, slagaði burt og tókst síðan á loft. Hana hafði greinilega ekki sakað. Ennþá getur lífið komið manni á óvart þó að í smáu sé.

Ágúst Borgþór Sverrisson á agustborgthor.blogspot.com

Harkaleg viðbrögð

Það eru dálítið harkaleg viðbrögð við nýársræðum Halldórs Ásgrímssonar og Karls Sigurbjörnssonar um fjölskyldugildin að líta svo á að þeir vilji reka konurnar aftur inn á heimilin – að umhyggja þeirra fyrir fjölskyldunni sé í rauninni karlremba. En sjálfsagt hafa þeir báðir átt góðar mæður sem voru heima þegar þörf var – gáfu þeim heitan mat í hádeginu og eitthvað gott með kaffinu. Ég held meira að segja að biskupsmóðirin hafi alla tíð verið í þjóðbúningi. Ég get samt ómögulega séð að forsætisráðherrann og biskupinn séu að gera út á samvirkubít kvenna sem geta ekki boðið börnum sínum slíkar trakteringar. Mér finnst allavega dálítil eftirsjá í stórfjölskyldunni – hvað sem líður kvenfrelsi, nútímalegum lífnaðarháttum og fjölmenningu.

Egill Helgason á visir.is

Ágætt hjá forsetanum

Ágætt hjá forseta vorum að kveða upp úr með það að aldrei aftur mætti koma kennaraverkfall – eða að börnin mættu aldrei aftur kynna skólustarfi sem iðjuleysi hvernig sem hann orðaði þetta nú. Slík orð um áramót eða á hátíðarstundu eru ágæt en duga nú skammt. Kennarar eru langtífrá ánægðir með kjör sín – sveitarfélögin munu áfram búa við harðan kost því að við munum alltaf kjósa þá yfir okkur sem lofa skattalækkun. Eftir fimm ár verða komnir nýir og ferskir forystumenn kennara – ný bylgja af ungu og áhugasömu fólki - einnig um bættan hag sinn. Uppskrift af kennaraverkfalli er til staðar. Enginn vilji er til staðar að afnema verkfallsrétt. Vita-skuld verða fleiri kennaraverkföll.

Baldur Kristjánsson á baldur.is

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísu eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

9

kr

DAGAR

ALLTAF ÖDÝRARI

Þessar vörur ásamt mörgum öðrum á 9kr í dag, föstudag og laugardag

Músamotta með geli

Gatarar

Skrúfblíantur

Mús

Plastmöppur

CD Vasar mjúkir

Bréfabakki

Tímaritabox

Fartölvubakpoki

CD plastumslög

Tilboðin gilda út laugardag eða meðan birgðir endast.

Hjá okkur eru næg bílastæði og gott aðgengi

Skeifunni 11d Opið virka daga 10-18
Sími 533 1010 Laugardaga 10-16



SONY

Útsala

✓ Flott borð
✓ DVD spilar
✓ Spiderman í kaupbæti!



DVD spilar
fylgir að verð-
mæti 12.950!

KV-32FQ86
32" 100Hz sjónvarp
• Picture Power
• Avanceret 100 Hz Digital Motion
• Mynd og mynd • Fjarstýring fyrir fjölda tækja
Verð 14.995 krónur
vaxtalaust* í 12 mán. eða
179.940 krónur staðgreitt



Þrír 1GB
HiMD diskar
og taska
fylgir!

MZ-NH700/S
Sony Hi-MD mini-disk 700
• Geymir öll gögn (músik/PC gögn) 1 GB
• USB tengi bus powered (PC Upload)
• High Speed data transfer (100X)
Verð áður 39.950 krónur
Verð 29.950 krónur



Ótrúlegt
verð!

D-EJ100/SC
Ferðageislaspilari
• G-Protection Jog Proof hristivörn
• Digital MEGA BASS
• Heymatóli og straumbreytir fylgja
Verð áður 9.995 krónur
Verð 4.995 krónur



NW-HD1
Sony Harddisk Walkman 20 GB
• Geymir öll gögn (músik/PC gögn/video)
• G-Protection hristivörnin verndar gögnin
• Rafhlöðuending allt að 30 klst.
Verð áður 59.950 krónur
Verð 44.950 krónur



Ótrúlega
nett mynda-
vél en ekkert
gefið eftir
í gæðum!

DSC-T3
Stafræn myndavél
• 5.1 milljón effective Super HAD CCD
• Carl Zeiss Vario-Tessar linsa
• 3x optical aðdráttur (6x precision digital)
Verð áður 65.950 krónur
Verð 44.950 krónur



DCR-HC14E
DV tökuvél
• 800.000 pixla Super HAD myndflaga
• Carl Zeiss Vario-Sonnar linsa
• 2.5" Litaskjár (snertiskjár)
Verð 3.995 krónur
vaxtalaust* í 12 mán. eða
47.940 krónur staðgreitt

Tekur
beint upp
á DVD
diska!



DCR-DVD101E
DVD tökuvél
• 800.000 pixla Super HAD myndflaga
• Carl Zeiss Vario-Sonnar linsa
• 2.5" Litaskjár (123.000 pixlar, snertiskjár)
Verð áður 119.950 krónur
Verð 99.950 krónur

Kauptu Sony hjá Sony



*Miðað við 12 jafnar vaxtalaugar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

Sony Center Kringlunni

www.sonycenter.is

AFMÆLI

Hulda Sveinsson læknir er 85 ára í dag.

Dr. Örn Erlendsson framkvæmdastjóri er sjötugur.

Atli Þór Ólason læknir er 56 ára í dag.

Bessi Gíslason lyfjafræðingur er 56 ára.

Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson hárskeri er 52 ára.

Þórarinn Eyfjörð leikari er 45 ára í dag.



Vilhjálmur Árnason prófessor er 52 ára.

Pizzarro stofnar Lima

Mikið af landkönnun og sókn Spánverja í nýja heiminum einkenndist af taumlausri græðgi í gull. Francisco Pizzarro var ekki barnanna bestur í þessum efnunum.

Með klækjum og prettum tókst honum að leggja undir sig ríki Inkanna. Að hluta hafði hann hrifist af sigri Cortésar á Aztekum. 1531 réðst hann inn í Inkaríkið, sem var þar sem nú er Perú. Pizzarro réð aðeins yfir tvö hundruð hermönnum.

Hann blekkti leiðtoga Inka, Atahualpa, til þess að hitta sig í bænum Cajamarca. Þegar Inka-konungurinn kom tók Pizzarro hann höndum. Inkar reyndu að kaupa leiðtoga sinn lausan með

gulli og dýrgripum en Pizzarro drap hann árið 1533.

Næstu áratugina áttu Spánverjar við stöðugar uppreisnir að stríða en lögðu landið endanlega undir sig á sjöunda áratug sextándu aldar. Pizzarro líkaði ekki loftslagið í höfuðborg Inkanna, Cuzco, og stofnaði því nýja höfuðborg, Lima, 6. janúar 1535. ■



EINN AF FRÆGUM GULLGRIPUM INKA Inkar reyndu að kaupa leiðtoga sinn, Atahualpa, lausan með gulli og dýrgripum

focus ÚTSALA

allt að **70% afsláttur**



BRONX dömu svart, rautt ~~12.990~~ - **5.990**



X-TRAVA.. dömu bein-hvítt, svart ~~5.990~~ - **2.990**



CONVERSE leður svart, rautt, brúnt ~~11.990~~ - **7.990**



SKECHERS dömu hvítt ~~7.990~~ - **2.990**



WUMM dömu svart, brúnt ~~11.990~~ - **5.990**



Diesel herra svart, dökk grænn ~~9.990~~ - **5.990**



CAMPER herra svart, brúnt, beige ~~12.990~~ - **6.990**



BASE herra brúnt, svart ~~11.990~~ - **6.990**

opið til kl.21

OFUR ÚTSALA

20-50% afsláttur

Komdu strax...

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is

Gerðu betri kaup!



S. 512 1733

Opið virka daga kl. 9-18
Laugardaga kl. 11-16

ÚTSALA

30-70% afsláttur


70%

Puma Mestre TT
Gervigrasskór leður
Verð áður 9.990 kr.
Verð nú **2.900 kr.**

50%

Puma Mestre jr
Gervigrasskór barna
Verð áður 5.990 kr.
Verð nú **2.900 kr.**


40%

Puma H-street
Nokkrir litir
Verð áður 9.990 kr.
Verð nú **5.900 kr.**

40%

Puma Klim
Nokkrir litir
Verð áður 12.990 kr.
Verð nú **7.500 kr.**


30%

Puma Speedcat
Verð áður 10.990 kr.
Verð nú **7.900 kr.**

30%

Puma Mostro
Nokkrir litir
Verð áður 12.990 kr.
Verð nú **8.900 kr.**



Mikið úrval af sundfötum



Boltamaðurinn
Laugavegi 42 Reykjavík
Sími 551 5599

sport

sport@frettabladid.is

„Ég tala ekki ensku, bara frönsku.“

Senegalski raðhrækillinn El-Hadji Diouf, sem leikur með Bolton, var með svörin á reidum höndum eftir að hann var ásakaður um að hafa hrækt á áhorfendur í leik Bolton og Birmingham á þriðjudagskvöldi. Þetta er ekki í fyrsta eða annað skiptið sem Diouf hrækir á leikmenn eða áhorfendur og hann gat lítið sagt við enska fjölmiðla eftir leikinn.

Dreymir um úrvalsdeild

Breskir fjölmiðlar hafa greint frá því síðustu daga að enska úrvalsdeildarfélagið Charlton hafi áhuga á Heiðari Helgusyni. Heiðar segist ekkert hafa heyrt frá félaginu en neitar því ekki að hugurinn stefni í úrvalsdeildina.

FÓTBOLTI Tímabilið fór ekki vel af stað hjá Heiðari og honum gekk ákaflega illa að skora. Hann hafði aðeins skorað eitt mark í deildinni þar til hann skoraði tvö mörk gegn Derby 16. október síðastliðinn. Síðan hefur Heiðar farið mikinn með liði Watford en hann er alls búinn að skora 13 mörk í vetur.

Frammistaða hans hefur vakið athygli á Englandi og síðustu daga hefur hann verið orðaður við 1. deildarlið West Ham og úr-

valsdeildarlið Charlton, sem Hermann Hreiðarsson leikur með.

„Ég hef heyrt af þessum áhuga í blöðunum en sjálfur hef ég ekki heyrt neitt og veit ekki hvaðan þetta kemur,“ sagði Heiðar í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Ég veit ekkert hvort eitthvað sé til í þessu en það væri óneitanlega gaman ef það væri áhugi á mér.“

Heiðar spilaði með Watford í úrvalsdeildinni er hann fyrst gekk til liðs við félagið árið 2000.

Eftir að Watford féll úr úrvalsdeildinni hefur Heiðar nokkrum sinnum verið orðaður við lið í úrvalsdeildinni en hingað til hefur lítið alvara verið á bak við þær sögusagnir. Frammistaða Heiðars í vetur gæti þó fleytt honum aftur í deild þeirra bestu á Englandi og hann neitar því ekki að þangað væri gaman að komast á ný.

„Auðvitað dreymir manni um að leika í úrvalsdeild. Annað væri alveg galið. Annars er ég ekki að missa neinn svefn yfir þessum

Frábær skóli fyrir venjulegt fólk sem vill ná árangri



Elva Benediktsdóttir
- Markaðsfulltrúi hjá Atlantsólú

„Ég fékk frábæra vinnu út á námið áður en ég útskrifaðist!“

STARFSNÁM & BRAUTIR



Pröstur Skúlason
- Kynningarfulltrúi

„Alltaf eitthvað nýtt og spennandi í hverjum tíma!“

GRAFÍK & MARGMIÐLUN



Heimir Janusarson
- Garðyrkjufæðingur

„... get loksins nýtt mér þá möguleika sem tölvan hefur upp á að bjóða ...“

TÖK-TÖLVUNÁM & STYTTRI NÁMSKEIÐ

„Hjá NTV fékk ég kjark til að sækja um krefjandi störf og fékk frábært starf eftir námið“

SPENNANDI NÁM FYRIR ALLA!



Helga Sigríður Kristjánsdóttir
- Innheimtufulltrúi hjá Rekstrarvörum

„Búin að finna draumastarfið með mun hærri laun en áður!“

BÓKHÁLD & REIKNISSKIL



Sigrún Eiríksdóttir
- Bókari hjá Forsjá

„Fékk nóg af eldamennsku og rek í dag tölvuráðgjöf og verslun“

SÉRHÆFT NÁM & FORRITUN



Sumarliði Ásgeirsson
- Matreiðslumaður, MCSA, MCP & Kerfisráðingur NTV

ntv

Upplýsingar og skráning í síma 544 4500 og á www.ntv.is



HVAÐ ERT ÞÚ AÐ ÞENJA ÞIG? Rifridi Heiðars og Oliver Kahn í leik Íslands og Þýskalands á Laugardalsvelli verður lengi í minnum haft. Heiðar las þýska markverðinum lífs-línurnar við litla hrifningu hans. Fréttablaðið/E. Ól

sögusögnum. Ég einbeiti mér bara að því að spila áfram vel og skora fyrir Watford. Svo kemur bara í ljós hvort það skilar mér einhverju," sagði Heiðar sem á átján mánuði eftir af samningi sínum við félagið. Hann þakkar góðu gengi í vetur því að hann sé loksins orðin laus við meiðsli.

„Ég hef verið að burðast með meiðsli í tvö ár og er loksins orðinn 100%. Fyrir vikið líður mér vel og það spillir ekki fyrir að liðið hefur verið að spila ágætlega og ég hef verið að fá færi sem mér hefur gengið ágætlega að nýta," sagði Heiðar Helguson.

henry@frettabladid.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

3 4 5 6 7 8 9

Fimmtudagur

LEIKIR

- 19.15 **Haukar** og **Fjölnir** mætast í Intersportdeild í körfu.
- 19.15 **KFÍ** og **Njarðvík** mætast í Intersportdeild í körfu.
- 19.15 **Keflavík** og **Tindastóll** mætast í Intersportdeild í körfu.
- 19.15 **KR** og **Hamar/Selfoss** mætast í Intersportdeildinni.
- 19.15 **ÍR** og **Skallagrímur** mætast í Intersportdeild í körfu.
- 19.15 **Snæfell** og **Grindavík** mætast í Intersportdeild í körfu.
- 21.15 **Haukar** og **ÍS** mætast í 1. deild kvenna í körfu.

Eingreiðsla

fasteignagjalda

Peir greiðendur fasteignagjalda í Reykjavík á árinu 2005 sem óska eftir eingreiðslu fasteignagjalda á árinu eru vinsamlegast beðnir að tilkynna það til Fjármálasviðs Reykjavíkurborgar í síma **563-2062** fyrir föstudaginn 14. janúar. Einnig má tilkynna þetta með tölvupósti á netfangið innheimta@reykjavik.is

Peir greiðendur sem þegar eru í eingreiðslu þurfa ekki að tilkynna um framhald á því sérstaklega.

Fjármálasvið Reykjavíkurborgar



Útsala, útsala, útsala...

Módel Milánó



...ledursófasett á 129.000,- stgr.

Módel IS 26



...örfá sett nú á 159.000,- stgr.

...ótrúlegur afsláttur



gæðahúsgögn

Bæjarhrauni 12

opið virka daga frá kl. 10-18, lau. 11-16

sími 565 1234

**LAGERSALA
VETRAREFATNAÐUR**

50-70%

AFSLÁTTUR

**TOPP
AFSLÁTTUR
Á TOPP
MERKJUM**



FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN

Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSÓNLEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

HREYFI LAND

Opið hús sunnudaginn 9. janúar frá kl.13-17
15% afsláttur af öllum námskeiðum þennan dag
nánari upplýsingar og skráning
www.hreyfiland.is
Höfðabakka 9 sími: 5772555 mottaka@hreyfiland.is

Viltu læra táknmál?

Námskeið í táknmáli hefjast 11. janúar.
Skráning og nánari upplýsingar
í síma 562-7702 eða amney@shh.is

Samskiptamiðstöð heymarlausa og heymarskertra
www.shh.is

Samskiptamiðstöð
heymarlausa og heymarskertra

Pú kaupir tvo pakka en borgar bara fyrir einn

UHU fac patafix
80x
2 FYRIR 1

KENNARATYGGJÓ

Skrifstofumarkaður:
Hallarmúla 2-4, sími 540 2000

Verlanir Pennans:
• Akranesi • Akureyri • Hafnarfirði
• Ísafirði • Keflavík • Kópavogi
• Reykjavík • Selfossi • Vestmannaeyjum

PENNINN
www.penninn.is

MODERNUS SAMRÆMD VEFMÆLING*
VIKA NR. 53: 27.12. - 02.01.
25 efstu eftir fjölda notenda

VEFUR	NOTENDUR	INNLIT	FLETTINGAR
1. mbl.is	142.105	1.015.707	5.120.665
2. visir.is	101.308	489.221	5.043.234
3. hugi.is	81.482	175.147	1.083.017
4. leit.is	74.878	340.387	1.251.655
5. eve-online.com	52.992	190.471	2.593.890
6. ruv.is	36.389	101.793	471.659
7. barnaland.is	35.190	163.075	4.077.878
8. jol.is	14.955	46.417	302.580
9. textavarp.is	11.343	22.809	33.485
10. vikufrettir.is	11.118	29.501	99.723
11. bt.is	10.179	22.476	192.600
12. femin.is	9.415	22.764	312.877
13. kvikmynd.is	9.211	15.867	261.954
14. doktor.is	8.978	15.784	174.392
15. reykjavik.is	8.379	11.602	35.990
16. shopusa.is	7.809	15.316	45.548
17. vinbud.is	6.609	8.964	85.540
18. visindavefur.hi.is	6.266	8.050	36.214
19. spamadur.is	6.228	14.396	138.846
20. skifan.is	5.768	7.980	57.957
21. jpv.is	5.568	6.544	14.590
22. flugfelag.is	5.535	9.829	52.713
23. sport.is	5.295	17.406	82.068
24. rsk.is	4.870	10.073	53.860
25. skidasvaedi.is	4.721	12.243	79.538

Sjá á www.modernus.is/sv
og textavarp RÚV síðu 631
Öllum vefjum stendur til boða
að taka þátt í Samræmri vefmælingu.

VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS

STUÐ MILLI STRÍÐA : Glottir tungl

BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR FAGNAR ÞRETTÁNDANUM



MYND: HELGA SIGURSSON

Búmm! Krassj! Arrggh! Nei, við erum ekki stödd á stríðshráðu svæði og ekki heldur í miðri teiknimynd. Við erum í Reykjavík frá áramótum fram á þrettándann. Búmmið er frá tívolíbombu, krassjið líka en argið kemur frá mér þegar ég vakna í þriðja sinn upp um miðja nótt við styrjaldarástand og sprengingar sem glymja í fjöllum. Ég er ekki á móti flugeldum. Ég elska skipulagðar flugeldasýningar þar sem fjöldi manns kemur saman og horfir á ljósadýrðina á himninum.

En þegar himinn er útbáður í púðurreyk og hávaða sem fela alla fegurð hætta flugeldar að vera fallegir og spennandi heldur ber brjálæðið á gamlárskvöld bara vott um stjórnlauða græðgi. Ég sá viðtal við mann í sjónvarpinu rétt fyrir áramót sem sýndi stoltur fullan bílskúr af sprengiefni sem hann hafði sankað að sér. Hann sagðist vera flugeldafíkill og kvað fjölskylduna skilningsríka varðandi áhugamál hans og kostnaðinn við það sem hann sagði að hjá flugeldafíklum gæti vel hlaupið á milljónum. Ég vona að þessi maður, sem á aukamilljón til að sprengja í loft upp um áramótin, hafi átt aðra til að gefa í söfnunina vegna flóðanna í Indlandshafi. Án

þess að ég viti nokkuð um þennan ágæta mann annað en kom fram í fréttunum er alveg með ólíkindum að hver sem er geti farið og keypt sér skotfæri fyrir milljónir sem hann svo getur sprengt hvar sem er og hvenær sem er í heila viku. Í heila viku er veiðileyfi á himininn, tunglið og stjörnur, hlustir fólks, garða og geðheilbrigði.

Máninn hátt á himni skín og glottir tungl.. og ég skil það vel því þetta hlýtur að vera alveg fáránlegt frá því sjónarhorni. En... í kvöld er þrettándinn! Þessu lýkur í kvöld. Á morgun verður aftur bannað að sprengja flugelda þangað til á sama tíma að ári. Hjúkk! ■

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



PÚ OG PA

Eftir SÖB



KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



■ KVIKMYNDIR

Shrek 2 tekjuhæst

Teiknimyndin Shrek 2 var tekjuhæsta mynd ársins í Bandaríkjunum á síðasta ári og jafnframt sú þriðja tekjuhæsta í sögunni þar í landi. Halaði hún inn 436 milljónir Bandaríkjadala, eða um 27 milljarða króna.

Í öðru sæti var önnur framhaldsmynd, Spider-Man 2, sem náði um 23 milljörðum í miðasölu og rétt á eftir lenti The Passion of the Christ í leikstjórn Mel Gibson. Teiknimyndin The Incredibles hafnaði í fjórða sæti með um 15 milljarða króna og skammt undan varð Harry Potter og fanginn frá Azkaban. ■



SHREK 2 Teiknimyndin Shrek 2 var gróarlega vinsæl á síðasta ári.

■ SJÓNVARP

Gettu betur hefst á mánudag

Þrjátíu skólar um allt land munu á næstu dögum og mánuðum takast á í Gettu betur – spurningakeppni framhaldsskólanna. „Í ár taka þátt tveir skólar sem ekki hafa tekið þátt áður. Þetta eru Stýrimannaskólinn og Fjölbrotaskóli Snæfellinga í Grundarfirði. Keppnin er í beinni útsendingum í útvarpinu og sjónvarpinu og fer í sjónvarpið þann 9. febrúar. Þættirnir verða sýndir á miðvikudögum og það er nýmæli að allir þættirnir verða í beinum útsendingum. Skólarnir sem taka þátt þurfa að fullnægja ákveðnum skilyrðum. Keppendur mega ekki hafa lokið stúdentsprófi og verða að vera á ákveðnum aldri,“ segir dagskrárgerðarmaðurinn Andrés Indriðason sem hefur umsjón með keppninni. Eins og í fyrra er Stefán Pálsson dómari og spurningahöfundur, Logi Bergmann Eiðsson

er spyrill og Steinunn Vala Sigfúsdóttir er stigavörður. ■

FYRRI UMFERÐ
10. - 14. janúar

- lönskólinn í Hafnarfirði - ML
- FVA - lönskólinn í Reykjavík.
- Borgarholtsskóli - MA
- MK - Kvennó
- Hvanneyri, bændæild - MÍ
- ME - Stýrimannaskólinn
- MR - FV.
- MS - VMA
- Frh.sk. á Laugum - Frh.sk. á Húsavík.
- Verkm.sk. Austurlands - Frh.sk. í A-Skaftafellssýslu
- Hraðbraut - FÁ
- Verzló - FSu
- Flensborg - Fjölbrotaskóli Snæfellinga.
- FG - FB
- MH - FS

Síðari umferð verður 18., 19. og 20. janúar.



Nýr opunartími í verslun RV:
Mánudaga til föstudaga frá kl. 8:00 til 18:00
Laugardaga frá kl. 10:00 til 14:00

Bréfabindi
A4 8cm kjölur 148.- m.vsk
A4 5cm kjölur



Mopak ljósrítunarpappír
500 blöð í búnti 278.- m.vsk



Töflutúss 2mm
4 líta sett 298.- m.vsk

Skrifstofuvörur á tilboði í janúar

Ljósrítunarpappír, bréfabindi, töflutúss og gatapokar



Rekstrarvörur

- vinna með þér
Réttarhalsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



bílar o.fl.

- ✓ Á LAUGARDÖGUM
- ✓ Smáauglýsingasíminn er 550 5000
- ✓ auglysingar@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ

Dreitill lækkar í verði!

Nú hefur heildsöluverð á Dreitli lækkað – Dreitill kostar það sama og Léttmjólk og Nýmjólk

Dreitill er venjuleg léttmjólk sem hefur verið D-vítamínbætt.

Úr tveimur glösum af Dreitli fæst allt að helmingur af ráðlögðum dagskammti D-vítamíns.

D-vítamín er nauðsynlegt til að kalkið úr fæðunni nýtist sem skyldi.

Samkvæmt rannsóknum á mataræði er meðalneysla D-vítamíns undir ráðlögðum dagskammti í nær öllum aldurshópum. Kannanir hafa t.d. sýnt að íslensk ungmenni fá ekki nægilegt D-vítamín.

D-vítamínbætt léttmjólk Dreitill var markaðssett fyrir fjórum árum eftir að Manneldisráð Íslands óskaði eftir því að léttmjólk væri D-vítamínbætt.

Dreitill er til í eins lítra og ¼ lítra umbúðum.



– fyrir alla fjölskylduna

tónlist

Í spilaranum hjá ritstjórninni

The Futureheads: The Futureheads, **Hot Chip:** Coming On Strong, **Pinback:** Summer in Abbadon, **Cex:** Maryland Mansions og **Jan Mayen:** Home of the Free Indeed.

„So this is the new year / and I have no resolutions
for self assigned penance / for problems with easy solutions“

- Hljómsveitin Death Cab for Cutie söng um nýársdag á síðustu plötu sinni
Transatlantism sem endaði á listanum yfir bestu uppgötvinnar síðasta árs í Fréttablaðinu.

[ÁRSLISTI Xins 977]

BESTU LÖGIN 2004

- 1 **MODEST MOUSE**
FLOAT ON
- 2 **KORN**
Y'ALL WANT A SINGLE
- 3 **THE KILLERS**
MR. BRIGHTSIDE
- 4 **FRANZ FERDINAND**
TAKE ME OUT
- 5 **BEASTIE BOYS**
CH CHECK IT OUT
- 6 **MINUS**
ANGEL IN DISGUISE
- 7 **INCUBUS**
MEGALOMANIAC
- 8 **LOSTPROPHETS**
LAST TRAIN HOME
- 9 **SNOW PATROL**
RUN
- 10 **VELVET REVOLVER**
FALL TO PIECES
- 11 **BLINK 182**
MISS YOU
- 12 **HIVES**
WALK IDIOT WALK
- 13 **DÁDADRENGIR**
BARA SMÁ
- 14 **MÍNUS**
NICE BOYS
- 15 **THE DARKNESS**
LOVE IS ONLY A FEELING
- 16 **JET**
COLD HARD BITCH
- 17 **SLIPKNOT**
DUALITY
- 18 **PAPA ROACH**
GETTING AWAY WITH MURDER
- 19 **JAN MAYEN**
ON A MISSION
- 20 **STROKES**
REPTILIA

* Listanum er raðað af umsjónar-
mönnum stöðvarinnar



MODEST MOUSE
Tróna á toppnum eftir árið 2004 með lagið „Float On“.

Útgáfusamningur í jólagjöf

Hljómsveitin Tenderfoot tryggði sér útgáfusamning við One Little Indian rétt fyrir jól. Enn ein íslenska sveitin sem kemst yfir þröskuldinn, en hvaða sveit er þetta eiginlega?

Liðsmenn Tenderfoot fengu góða jólagjöf í ár þegar þeir bættust í hóp íslenskra tónlistarmanna sem eru á málum hjá erlendri plötuútgáfu. Það var fyrirtækið One Little Indian, sem hefur séð um útgáfu platna Sykurmolanna og svo Bjarkar á erlendri grundu, sem tryggði sér útgáfuréttinn á plötum sveitarinnar næstu árin.

Það hafði legið lengi í loftinu að Tenderfoot myndu ná samningi úti, enda hefur þeim gengið allt í haginn frá því að hljómsveitin spilaði fyrst á Iceland Airwaves-hátíðinni í hittifyrri. Þeir tónleikar tryggðu sveitinni för til New York þar sem hún kom fram á nokkrum af álitlegri tónleikastöðum stórborgarinnar. Þessi velgengi Tenderfoot er engin heppni, og vel verðskulduð enda berstrípaðir tónar sveitarinnar með eindæmum fallegir. Flutningur og tjáning eru svo í hæsta gæðaflokki.

Í viðtali í skurðgröfunni

Hallgrímur trommuleikari, eða Grímsi eins og hann er kallaður, var að stjórna skurðgröfu í vinnu sinni þegar Fréttablaðið hringdi. Hann drap á vélinni og gaf sér nokkrar mínútur til þess að spjalla við blaðamann.

„Konni gítarleikari og Kalli söngvari og gítarleikari voru saman í hljómsveitinni Útöpiu. Þegar sú sveit hætti, árið 2002, ákváðu þeir að fara að dunda sér saman. Þeir byrjuðu inni í stofu hjá Konna, bara með kassagítara,“ segir Grímsi og það ætti því ekki að vera fjarri lagi að kalla tónlist



TENDERFOOT Hljómsveitin Tenderfoot hefur skrifað undir samning við útgáfufyrirtækið One Little Indian, sem hefur meðal annars gefið út plötur Sykurmolanna og Bjarkar.

þeirra stofukassagítarsrokk. „Síðan hafði Konni samband við mig og ég bættist í hópinn. Hann býr í kjallarafbúð og þess vegna gátum við ekki verið með neinn míkrafón eða magnara. Ég mætti með lítið trommuset sem að sonur minn á af því að það mátti ekki vera neinn hávaði. Þess vegna notaði ég burstana. Þannig þróaðist stíll sveitarinnar.“

Kalli og Konni voru búnir að safna upp nokkrum lögum áður, en þegar Grímsi bættist í hópinn opnuðust allar flóðgáttir og ný lög fæddust nánast á hverri æfingu. Á fyrstu tónleikumum var sveitin tríó en ári eftir stofnun hennar bættist bassaleikarinn Helgi í hópinn. Hann fór og verslaði sér kontrabassa til þess að fullkomna hljómsveitarinnar.

„Við vorum alveg í heilt ár í stofunni. Fyrstu tónleikarnir voru á litlum stöðum eins og Kaffi Vín og Sirkús. Svo spiluðum við á

Listasafni Reykjavíkur á Airwaves í hittifyrri. Þar sá okkur ljósmyndari sem starfar líka sem bókarari á stöðum í New York. Hann vildi endilega fá okkur út og við fórum.“

Kósý og heimilisleg stemning

Tenderfoot komst fyrst á plast þegar hún tók þátt á safnplötunni Sándtökk sem kom út í nóvember 2003. Þar eru lögin Country og While This River Flows. Það fyrra endaði einnig á nýju breiðskífunni þeirra, en það seinna hefur einungis heyrst þar.

Á þeirri safnplötu kristallaðist órafmögnuð „americana“ sena, sem Tenderfoot hefur leitt frá upphafi.

„Einhver hluti af þessum sveitum eru kunningjar okkar og vinir. Margir þeirra hafa verið bara einir með gítarinn lengi. Okkur finnst mjög notarlegt að vera svona á rólegu nótunum. Stilltum

meira að segja upp kertaljósnum og teppum á útgáfutónleikumum til þess að gera hluti meira heimilislegri og kósý. Þannig hefur það nefnilega verið á æfingum, þar er meira að segja hundur á vappi, sjónvarpið í gangi, kaffi á könnunni og allir sitja í sófum með hljóðfærin sín, nema ég. Við höfum aldrei verið með hið týpíska æfingahúsnæði.“

Hjólín byrjuðu svo almennilega að snúast hjá sveitinni þegar Árni Benediktson, umboðsmaður Leaves, bauð fram þjónustu sína eftir að hafa séð til sveitarinnar á tónleikum.

Frumraun sveitarinnar, sem kom út hér fyrir jól og ber nafn sveitarinnar, fær útgáfu í Evrópu og Japan í næsta mánuði. Sveitin heldur út í kjölfarið til þess að fylgja útgáfunni eftir. Fylgist með, því laufflétt ganga Tenderfoot er rétt að byrja.

biggi@frettabladid.is



ÚTSALA ÚTSALA

50 – 80 %

Ótrúlega lágt verð

Dæmi um verð:	Áður	Núna
Mohair peysa	6.000.-	1.900.-
Rifflað peysa	6.500.-	1.900.-
Rennd peysa	5.900.-	1.900.-
Rúllukragapeysa	6.200.-	1.900.-
Vafin peysa	4.800.-	1.900.-
Satín toppur	5.300.-	1.900.-
Bolur m/perlum	6.600.-	1.900.-
Bolur m/áprentun	3.700.-	900.-
Skyrta	4.000.-	1.800.-
Viskósblússa	4.700.-	900.-
Hettupeysa	4.900.-	1.900.-
Sítt pils	6.300.-	900.-
Flauelsjakki	6.400.-	1.900.-
Dömuajakki	6.500.-	1.900.-
Vatteruð úlpa	6.800.-	2.900.-
Íþróttagalli	8.900.-	2.900.-
Leðurbuxur	11.200.-	2.900.-
Kvartbuxur	4.900.-	900.-
Dömbuxur	5.800.-	900.-
Og margt margt fleira		

friendtex® Síðumúla 13
Ópið 10 - 18
Sími 568-2870

vikari

ný og fersk í hverri viku

Aðeins 599 kr.



1. Bl. 02. Ág. 4. Janúar 2005

65 kílóum
lettari

Sigurbjörg og Guðrún fundu góða leið til betra lífs

Bjó til engla
úr Sveppa, Auðda og Péttri

Flutti til Íslands til að leika í Latabæ
Að grennast með réttu hugarfari!

Sjú daga kúr sem virkar

Sjötugur og á fullu í ræktinni

Heilsuáttak
fræga fólksins

Persónuleikapróf

Lífsreynslusagan • Heilsa • *Tiska* • Matur • Krossgátur

Náðu í eintak á næsta sölustað

Heimtaði samstarf við New Order

Bandaríska poppsöngkonan Gwen Stefani heimtaði að fá að vinna með bresku sveitinni New Order á nýju plötu sinni. Fyrst þegar hún nálgast ist sveitina um að semja lag fyrir sig á plötuna afþökkuðu þeir þar sem þeir voru í miðjum klíðum að semja lög á sína eigin plötu og vildu halda bestu lögnum fyrir sig. Stúlkan samdi þá sjálf lagið The Real Thing þeim til heiðurs í svipuðum stíl og þeir eru þekktir fyrir. Svo þrýsti hún á sveitina til þess að spila á laginu sem þeir svo gerðu.

Á fyrstu sólóplötu Gwen Stefani, sem heitir Love Angel Music Baby, koma margir þekktir gestir við sögu. Þar má nefna The Neptunes, Andre 3000, Dr. Dre og Eve.

Aðdáendur New Order geta svo átt von á nýrri breiðskífu síðar á þessu ári. ■



Nýtt frá Sage Francis í febrúar

Rapparin Sage Francis gefur út nýja breiðskífu þann 8. febrúar. Hún kemur til með að heita A Healthy Distrust og verður dreift víðsvegar um heim af Epitaph útgáfunni, sem er m.a. með Tom Waits á sínum snærum.

Fyrsta smáskífan af plötunni verður lagið Sea Lion sem er dúett með Íslandsvininum Will Oldham sem flestir þekkja betur sem Bonnie Prince Billy. Lagið var samið af þeim báðum.

Oldham er ekki eini gesturinn á nýju plötunni en þar koma einnig við sögu Joe Beats, Dangermouse, Alias, Sixtoo, Reanimator, Daddy Key, Controller 7 og Varick Pyr.



SAGE FRANCIS Rapparin gefur út nýja breiðskífu í byrjun næsta mánaðar.

Francis hefur ekki látið heyrast frá því að hann gaf út eina bestu plötu ársins 2002, Personal Journals, og því bíða grúskarar með mikilli eftirvæntingu eftir nýja gripnum. ■

[ÁRSLISTI RÁSAR 2]

BESTU ERLENDU PLÖTURNAR 2004

- 1 NICK CAVE & THE BAD SEEDS**
Abbatoir Blues/The Lyre of Orpheus
- 2 THE LIBERTINES**
The Libertines
- 3 MORRISSEY**
You are the quarry
- 4 WILCO**
A Ghost is born
- 5 KEANE**
Hopes and fears
- 6 BONNIE PRINCE BILLY**
Greatest palace music
- 7-8 LORETTA LYNN**
Van Lear Rose
- 7-8 LEONARD COHEN**
Dear Heather
- 9-10 FRANZ FERDINAND**
Franz Ferdinand
- 9-10 THE STREETS**
A grand don't come for free
- 11 U2**
to dismantle an atomic bomb
- 12-15 BRIAN WILSON**
Smile
- 12-15 OLLABELLE**
Ollabelle
- 12-15 DURAN DURAN**
Astronaut
- 12-15 ROBBIE WILLIAMS**
Greatest Hits
- 16-19 TOM WAITS**
Real gone
- 16-19 MODEST MOUSE**
Good news for people who love bad news
- 16-19 RYAN ADAMS**
Love is hell
- 16-19 RONAN KEATING**
10 years of hits
- 20 20. R.E.M.**
Around The Sun



NICK CAVE Lét til sýn taka á Rás 2 á síðasta ári. Plata hans og The Bad Seeds, Abbatoir Blues/The Lyre of Orpheus er í efsta sæti á lista útvarpsstöðvarinnar yfir erlendar plötur ársins 2004.

Umsjón: BIRGIR ÖRN STEINARSSON.
biggi@frettabladid.is

RÉTTUM HJÁLPARHÖND!

ROKKSÖNGLEIKURINN



*Sérstök aukasýning til stuðnings farnarlömbum
hamfaranna í suð-austur Asíu*

Laugardaginn næstkomandi, þann 8. janúar, 2005 kl. 20:00

Allir aðstandendur sýningarinnar gefa vinnu sína og allur kostnaður hefur fengist niðurfelldur



LEGGUR HÁRINU LIÐ

KB banki óskar Hárinu velgengni á þessari styrktarsýningu og leggur söfnuninni lið með því að jafna andvirði seldra aðgöngumiða

Miðasala í síma 551 4700 (milli kl. 14:00 og 18:00) alla daga og á www.harid.is.
Sérstakt miðaverð: kr. 2.900,-

Eftirfalin fyrirtæki hafa stutt Hárið frá upphafi og leggja þessu átaki lið:

» FASTUR
birta
» PUNKTUR

ÖXIN OG JÖRÐIN SÖGULEG SÝNING!

■ Stóra sviðið kl. 20.00
